



Ársreikningur 2024



Reykjavík

Reykjavíkurborg
kt. 530269-7609
Ráðhúsi Reykjavíkur
Tjarnagötu 11
101 Reykjavík

Reykjavíkurborg

Ársreikningur 2024

Efnisyfirlit

	Bls.
Yfirlit stjónda	2
Skýrsla og áritun borgarstjóra og borgarráðs	3-15
Áritun borgarstjórnar	16
Áritun óháðs endurskoðanda	17-22
Rekstrarreikningur	23
Efnahagsreikningur	24-25
Sjóðstreymisyfirlit	26
Skýringar	27-49
Lykiltölur	50-52
Óendurskoðað fylgiskjal:	
Yfirlýsing um stjórnarhætti og ófjárhagslegar upplýsingar	53-74

Yfirlit stjórnenda

Fjárhæðir eru á verðlagi hvers árs í milljónum kr.

A- og B-hluti	2024	2023	2022	2021	2020
Rekstrartekjur	277.439	251.625	222.264	202.599	190.919
- Þar af skatttekjur	143.896	134.507	117.883	109.819	102.062
Rekstrargjöld	(214.457)	(204.038)	(184.882)	(160.759)	(157.776)
Rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir, EBITDA	62.982	47.587	37.381	41.840	33.143
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	(25.955)	(29.418)	(26.311)	(12.899)	(16.842)
Matsbreyting fjárfestingaeigna	2.773	4.967	20.534	20.521	1.774
Rekstrarniðurstaða	10.677	(3.385)	6.021	23.402	(2.778)
Sjóðstreymi					
Veltufé (til) frá rekstri	40.296	35.744	26.457	24.577	25.838
Handbært fé (til) frá rekstri	39.621	33.783	21.593	22.072	21.365
Fjárfesting brúttó	(58.073)	(59.880)	(50.849)	(40.497)	(40.453)
Tekin ný langtímalán	51.206	54.086	33.259	41.369	42.825
Afborganir langtímalána	(30.703)	(31.596)	(21.946)	(25.027)	(19.244)

A-hluti	2024	2023	2022	2021	2020
Rekstrartekjur	194.451	176.408	156.246	142.266	128.668
- Þar af skatttekjur	144.747	135.321	118.591	110.501	102.775
Rekstrargjöld	(176.291)	(168.458)	(158.407)	(138.233)	(128.731)
Rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir, EBITDA	18.159	7.950	(2.161)	4.034	(63)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	(3.797)	(4.143)	(5.705)	(1.354)	97
Rekstrarniðurstaða	4.746	(4.969)	(15.605)	(3.850)	(5.843)
Sjóðstreymi					
Veltufé (til) frá rekstri	12.234	11.541	(883)	1.210	3.931
Handbært fé (til) frá rekstri	10.841	9.710	(2.197)	(3.527)	(447)
Fjárfesting brúttó	(20.740)	(25.832)	(26.276)	(18.301)	(15.632)
Sala byggingaréttar og greidd gatnagerðargjöld	8.310	4.183	6.531	5.891	1.987
Tekin ný langtímalán	16.230	20.850	21.895	23.118	9.421
Afborganir langtímalána	(11.455)	(5.289)	(3.879)	(2.751)	(1.826)

Fjárhagsleg markmið og mælikvarðar A-hluta

			Markmið	Raun	Raun	Útk.spá	Samþykkt fjárhagsáætlun 2025						
			fjármálastefnu	2023	2024	2024	2025	2026	2027				
Rekstrarniðurstaða	>0	✖	(4.969)	✔	4.746	✔	531	✔	1.298	✔	4.642	✔	6.672
Hlutfall launakostnaðar	<80%	⚠	81,0%	✔	79,1%	✔	79,9%	✔	76,5%	✔	76,1%	✔	75,4%
Veltufé frá rekstri / tekjum	>7,5%	⚠	6,5%	⚠	6,3%	⚠	5,5%	✔	7,6%	✔	7,6%	✔	8,0%
Veltufé frá rekstri / afb. lána	>1,0	✔	1,20	⚠	0,82	⚠	0,80	✔	1,32	✔	1,23	✔	1,04
Lántaka / fjárfestingum	<70%	✖	120%	⚠	78%	⚠	72%	✔	65%	✔	59%	✔	54%
Skuldaviðmið	<100%	✔	82%	✔	77%	✔	80%	✔	83%	✔	82%	✔	80%
Handbært fé í árslok	>8.000	✔	11.506	✔	12.151	✔	10.512	✔	10.415	✔	10.957	✔	9.212

Fjárhagsleg markmið og mælikvarðar A- og B-hluta

Mælikvarði	Markmið		Raun	Raun	Útk.spá 2024	Samþykkt fjárhagsáætlun 2025							
	fjármálastefnu		2023	2024	2022-24	2023-25	2024-26	2025-27					
Þriggja ára jafnvægisviðmið án OR	> 0	✔	10.095	✔	3.952	✔	2.370	✔	9.850	✔	28.451	✔	36.119
	Markmið		2023		2024		2024 Útk.s		2025Á		2026Á		2027Á
Skuldaviðmið án OR fari ekki yfir 150% af tekjum	< 150%	✔	110%	✔	104%	✔	106%	✔	109%	✔	108%	✔	107%

Skýrsla og áritun borgarstjóra og borgarráðs 2024

Hlutverk Reykjavíkurborgar

Hlutverk Reykjavíkurborgar er að veita íbúum Reykjavíkur góða þjónustu með sem hagkvæm-ustum hætti og leggja grunn að auknum lífs-gæðum borgarbúa til lengri og skemmri tíma. Samkvæmt sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011 eru sveitarfélög sjálfstæð stjórnvöld, sem stjórn-að er af lýðræðislega kjörnum sveitarstjórn-um í umboði íbúa sveitarfélagsins. Sveitarfélagið sinnir þeim verkefnum sem því er falið lögum samkvæmt, m.a. varðandi fræðslu- og uppeldis-mál, félagsþjónustu, æskulýðs- og íþróttamál, menningarmál, hreinlætismál, skipulagsmál og umhverfismál. Jafnframt fylgir það kröfum sem gilda um starfsemi þess í öðrum lögum, s.s. stjórnsýslulögum, lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla og lögum um opinber innkaup.

Starfsemi Reykjavíkurborgar er skipt í A-hluta og B-hluta. Til A-hluta telst starfsemi sem að hluta eða öllu leyti er fjármögnuð með skatttekjum, en í B-hluta eru fyrirtæki sem eru að hálfu eða meiri-hluta í eigu borgarinnar og eru rekin sem fjárhags-lega sjálfstæðar einingar.

Svið Reykjavíkurborgar bera heiti í samræmi við ráðin sem þau þjóna. Sviðsstjórar fara með stjórn sviðanna í umboði borgarstjóra en vinna jafnframt að undirbúningi stefnumörkunar hver á sínu málefnasviði með ráðunum.



 Reykjavík	A-hluti Reykjavíkurborgar
Fagsvið Reykjavíkurborgar	Starfsemi fagsviðs
Fjármála- og áhættustýringarsvið	Fjármála- og áhættustýringarsvið hefur yfirumsjón með fjármálastjórn Reykjavíkurborgar og veitir kjörnum fulltrúum og stjórnendum upplýsingar, stuðning og aðhald á sviði fjármála og rekstrar. Sviðið starfar þvert á fagsvið borgarinnar og fer með leiðandi hlutverk er varðar áhættustýringu, fjárhagsáætlun, bókhald og reikningsskil, innkaup og útboð, innheimtu, fjárstýringu og eignaumsjón.
Mannauðs- og starfsumhverfissvið	Mannauðs- og starfsumhverfissvið hefur yfirumsjón með mannauðsmálum Reykjavíkurborgar og styður við stefnu og megináherslur borgaryfirvalda á því sviði. Sviðið fer með fyrirsvar gagnvart viðsemdum og aðilum vinnumarkaðarins er varðar kjarasamninga og ber ábyrgð á launavinnslu borgarinnar.
Menningar- og íþróttasvið	Menningar- og íþróttasvið leggur rækt við mannlífið í borginni á fjölbreyttan hátt með rekstri menningarstofnana og íþróttamannvirkja, ásamt því að styðja við grasrótina í listalífinu, íþróttum og barnamenningu. Sviðið fer með samskipti við íþróttafélög, Borgarleikhúsið og aðra aðila vegna samstarfs-, styrktar- og þjónustusamninga. Þá er sviðið borgaryfirvöldum til faglegrar ráðgjafar í þeim málaflokkum sem undir það heyrir.
Skóla- og frístundasvið	Skóla- og frístundasvið veitir börnum og fjölskyldum í borginni heildstæða þjónustu og stuðlar að samfelli í öllu starfi sem hefur velferð barna og fjölskyldna þeirra að leiðarljósi. Skóla- og frístundasvið veitir börnum og fjölskyldum í borginni heildstæða skóla- og frístundaþjónustu í leikskólum, grunnskólum, frístundaheimilum, félagsmiðstöðvum, skólahljómsveitum og fleiri stofnunum í öllum hverfum borgarinnar.
Umhverfis- og skipulagssvið	Umhverfis og skipulagssvið vinnur að stefnumótun í umhverfis-, skipulags- og samgöngumálum, fer með stjórnsýslu skipulags- og byggingamála og eftirlit í heilbrigðismálum. Sviðið stýrir framkvæmdum og viðhaldi og sinnir almennum rekstri í borgarlandinu, líkt og garðyrkju og grasslætti, snjómokstri og hreinsun. Sviðið er umhverfissvottað og þar er unnið að fjölbreyttum verkefnum sem eiga að auðga mannlífið í borginni.
Velferðarsvið	Velferðarsvið annast framkvæmd velferðarþjónustu og vinnur í samstarfi við stjórnvöld á sviði heilbrigðis- og velferðarmála, félagasamtök og aðra hagsmunaaðila að auknum lífsgæðum íbúa borgarinnar. Sviðið ber meðal annars ábyrgð á félagslegri ráðgjöf, fjárhagsaðstoð, barna- og farsældarþjónusta, þjónustu við eldri borgara, fatlað fólk og heimilislausa, barnavernd, heimahjúkrun, akstursþjónustu, forvarnir og almenna upplýsingagjöf. Sviðið ber ábyrgð á eftirliti í samræmi við lög, reglur, samþykktir og stefnu velferðarráðs í velferðarmálum.
Þjónustu- og nýsköpunarsvið	Þjónustu- og nýsköpunarsvið annast innri og ytri þjónustu Reykjavíkurborgar og stuðlar að nýsköpun í starfsemi hennar. Sviðið starfar þvert á fagsvið borgarinnar og ber ábyrgð á upplýsingatækni, gagnastjórnun, nýsköpun og tæknilegum umbótum. Þá hefur sviðið leiðandi hlutverk er varðar þjónustu og skjalastjórnun borgarinnar.


 Reykjavík	B-hluti Reykjavíkurborgar	
B-hluta fyrirtæki	Starfsemi b-hluta fyrirtækja	Eign A-hluta/A og B-hluta
Félagsbústaðir hf.	Félagsbústaðir hf. er fasteignafélag sem á og rekur félagslegt leiguhúsnæði. Kjarnastarfsemi Félagsbústaða er uppbygging, eignarhald, kaup, sala, rekstur, viðhald og útleiga á félagslegu íbúðarhúsnæði í samræmi við reglur Reykjavíkurborgar og húsnæðisáætlun borgarinnar. Í árslok 2024 voru 3140 leigugeiningar í eigu og umsjá Félagsbústaða.	100%
Faxaflóahafnir sf.	Faxaflóahafnir sf. á og rekur fjórar hafnir, Reykjavíkurhöfn, Grundartangahöfn, Akraneshöfn og Borgarneshöfn. Hlutverk félagsins er að vera drifkraftur viðskipta- og atvinnulífs á Faxaflóasvæðinu, að skapa virði í samfélaginu með þróun hafnarinnviða og hafnarsvæða og að veita skilvirka þjónustu við skip.	75,6%
Jafnlaunastofa sf.	Jafnlaunastofa sf. Veitir sveitarfélögum stuðning í jafnlaunamálum meðal annars með fræðslu og ráðgjöf, ásamt stuðningi við þróun greiningar- og matstækja sem stuðla að launajafnrétti.	50%
Malbikunarstöðin Höfði hf.	Aðalstarfsemi Malbikunarstöðvarinnar Höfða hf. er framleiðsla, útlagning og sala á malbiki og steinefnum til gatna- og vegagerðar auk verkefna á sviði vetrarþjónustu s.s. hálkuvarnir og snjósmokstur.	99%/100%
Orkuveita Reykjavíkur	Orkuveitan Reykjavíkur er móðurfélag Veitna, Orku náttúrunnar, Ljósleiðarans og Carbfix. Félagið framleiðir heitt og kalt vatn og rekur raf-, hita-, og fráveitur. Félagið styður við vaxandi samfélag, heimili og atvinnulíf með nýsköpun í orku, veitustarfsemi og kolefnisbindingu, með sjálfbærni að leiðarljósi. Um starfsemina gilda sérstök lög.	93.539%
Íþróttá og sýningahöllin hf.	Íþróttá- og sýningahöllin hf. er rekstraraðili Laugardalshallar sem er fjölnota íþróttá-, tónleika- og sýningahöll og telur um 20.000 fermetra. Þar fer daglega fram fjölbreytt íþróttastarf auk sýninga og viðburða af ýmsum toga.	50%
Slökkvilið Höfuðborgarsvæðisins bs.	Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs. er byggðasamlag í sameiginlegri eigu sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu. Félagið er með sólarhringsvaktir á fjórum slökkvistöðvum, en sinnir jafnframt sjúkraflutningum fyrir ríkið, forvörnum og almannavörnum.	60,8%
Sorpa bs.	SORPA bs. er byggðasamlag í eigu sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu. Hlutverk félagsins er að annast meðhöndlun úrgangs í samræmi við lögbundnar skyldur sveitarfélaganna. Það felur í sér rekstur á móttöku- og flokkunarstöð, urðunarstað, gas- og jarðgerðarstöð og sex endurvinnslustöðvum. SORPA rekur nytjamarkaðina Góða hirðinn og Efnismiðlun Góða hirðisins.	58,3%
Strætó bs.	Strætó bs. er byggðasamlag í eigu sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu. Félagið annast almenningssamgöngur á höfuðborgarsvæðinu og akstursþjónustu fyrir fatlað fólk og eldri borgara.	60,3%
Þjóðarleikvangur ehf.	Félagið hefur það hlutverk að undirbúa byggingu þjóðarleikvangs fyrir knattspyrnu í Laugardal. Félagið stendur fyrir þarfagreiningu og verkefnaskipulagi við undirbúning og framkvæmd verkefnisins.	50%
Aflvaki hf.	Aflvaki er eignarhaldsfélag sem á 1% í Malbikunarstöðinni Höfða. Félagið er ekki í daglegum rekstri og verður slitið á árinu 2025.	54,5%/95,7%

Í B-hluta Reykjavíkurborgar er veitt þjónusta til fyrirtækja og einstaklinga meðal annars á sviði veitna, hafna, félagslegs húsnæðis, sorpvinnslu, brunavarna og almenningssamganga. Fyrirtæki í B-hluta eru afar mismunandi hvað varðar þjónustuhlutverk, rekstrarform, rekstrar-umfang og fjárhagslega stöðu og styrk.

Nánari umfjöllun um B-hluta Reykjavíkur er hægt að nálgast í [greinargerð B-hluta fyrirtækja](#). Reykjavíkurborg hefur sett sér almenna eigandastefnu Reykjavíkurborgar sem skýrir hlutverk, umboð og ábyrgð eigendavalds Reykjavíkurborgar í fyrirtækjum borgarinnar. Þá hefur verið settar eigendastefnur vegna B-hluta fyrirtækja, m.a. vegna Félagsbústaða hf., SORPU bs., Strætó bs. og Orkuveitu Reykjavíkur.

Stjórnskipulag Reykjavíkurborgar

Skipurit



Borgarstjórn

Borgarstjórn starfar skv. II. kafla sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar nr. 1020/2019, sbr. 9. gr. laganna. Hlutverk og verksvið borgarstjórnar skv. 8. gr. sveitarstjórnarlaga er að fara með stjórn Reykjavíkurborgar samkvæmt ákvæðum sveitarstjórnarlaga og annarra laga.

Borgarráð

Borgarráð fer, ásamt borgarstjóra, með framkvæmdastjórn Reykjavíkurborgar og fjármálastjórn, að því leyti sem þessi mál eru ekki öðrum falin. Ráðið hefur umsjón með stjórnarsýslu Reykjavíkurborgar og fjármálastjórn hennar sérstaklega, semur drög að fjárhagsáætlun og viðaukum við hana og leggur hana fyrir borgarstjórn. Borgarráð sér um að ársreikningar borgarsjóðs séu samdir reglum samkvæmt og þeir, ásamt ársreikningum stofnana og fyrirtækja, lagðir fyrir borgarstjórn til meðferðar og afgreiðslu svo sem sveitarstjórnarlög mæla fyrir um. Borgarráði er heimil fullnaðarákvörðun mála sem ekki varða verulega fjárhag borgarsjóðs eða stofnana hans, enda sé ekki ágreiningur innan ráðsins eða við borgarstjóra um ákvörðunina.

Borgarstjóri

Borgarstjórinn í Reykjavík er æðsti yfirmaður starfsmanna Reykjavíkurborgar. Borgarstjóri er ráðinn af borgarstjórn og getur verið borgarfulltrúi. Sé hann borgarfulltrúi hefur hann einnig skyldur sem slíkur. Borgarstjóri er framkvæmdastjóri Reykjavíkurborgar, opinber fulltrúi Reykjavíkurborgar og pólitískur leiðtogi meirihlutans. Hann er prókúruhafi borgarsjóðs. Hann undirritar skjöl varðandi kaup og sölu fasteigna borgarinnar, lántökur og aðrar skuldbindingar svo og vegna ráðstafana sem samþykki borgarstjórnar þarf til. Borgarstjóra er heimilt með samþykki borgarstjórnar að veita öðrum starfsmönnum borgarinnar prókúru. Borgarstjóri fer með eignarhluta Reykjavíkurborgar í B-hluta fyrirtækjum.

Nánari upplýsingar um stjórnskipulag Reykjavíkurborgar er hægt að nálgast í Yfirlýsingu um stjórnarhætti og ófjárhagslegar upplýsingar, sem er fylgiskjal með ársreikningnum.

Áhættustjórnun

Markmið áhættustýringar er að greina, meta og stýra áhættu til að tryggja skilvirka nýtingu fjármagns, draga úr líkum á fjárhagslegum áföllum og auka fyrirsjáanleika í rekstri.

Áhættustjóri leiðir áhættustýringu borgarinnar og stuðlar að áhættumiðaðri ákvarðanatöku. Unnið er í samræmi við áhættustefnu borgarinnar og lögð áherslu á meginndlega (e. quantitative) áhættustýringu, með það marki að tryggja fjárhagslegan stöðugleika og vernda hagsmuni borgarinnar. Verkefni áhættustjóra eru skilgreind af áhættunefnd Reykjavíkur, þar sem sitja borgarstjóri, formaður borgarráðs, borgarritari og sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs.

Hægt er að nálgast nánari umfjöllun um áhættustýringu Reykjavíkurborgar í Yfirlýsingu um stjórnarhætti og ófjárhagslegar upplýsingar, sem er fylgiskjal með ársreikningnum.

Lykiltölur mannauðs

Framtíðarsýn Reykjavíkurborgar í mannauðsmálum er að borgin sem einn vinnustaður í öllum sínum fjölbreytileika hafi aðdráttarafl fyrir hæfileikaríkt og metnaðarfullt fólk sem vinnur í þágu borgarbúa. Áhersla er lögð á að starfsemin einkennist af fagmennsku, framsækni og nýtingu tækniþróunar. Leiðarljós mannauðsstefnu eru mannvæn, samræmd, traust og snjöll. Markmið hennar eru:

- Reykjavíkurborg vill vera mannvæn og mæta síbreytilegum þörfum vinnustaðar og starfsfólks, sýna ábyrgð og lágmarka sóun til að bæta þjónustu og samfélagið í borginni. Lögð er áhersla á að starfsfólk fái jöfn tækifæri.
- Með samræmdri borg er átt við að Reykjavíkurborg sé einn vinnustaður í öllum sínum fjölbreytileika. Slíkt birtist í samræmdu verklagi og úrvinnslu mannauðsmála hjá borginni, öflugri liðsheild og stuttum boðleiðum til miðlunar upplýsinga.
- Reykjavíkurborg vill skapa traust, heilsa og vellíðan starfsfólks sé í fyrirrúmi og skap að sé öruggt umhverfi þar sem gagnkvæm virðing er í öllum samskiptum. Vellíðan í starfi skilar sér í aukinni ánægju og bættri þjónustu til borgarbúa.
- Með snjallri borg er átt við að Reykjavíkurborg sé framsækinn vinnustaður sem hvetur til þverfaglegrar starfsþróunar. Með því að horfa til framtíðar vinnum við í sameiningu að því að takast á við áskoranir, nýta okkur nýja tækni og grípa tækifæri þegar þau gefast.


Á næstu síðu er hægt að sjá tölfræði yfir stöðugildi hjá A-hluta Reykjavíkurborgar. Hægt er að nálgast nánari upplýsingar um lykiltölur mannauðs A-hluta Reykjavíkurborgar í Yfirlýsingu um stjórnaðhætti og ófjárhagslegar upplýsingar, sem er fylgiskjal með ársreikningnum.




Fjöldi stöðugilda A-hluta 2024 að meðaltali:

8.606

KYNJAHLUTFALL A-HLUTA




STÖÐUGILDI A-HLUTA



Fjöldi stöðugilda A-hluta og B-hluta skv.
ábyrgðarhluta RVK 2024 að meðaltali:

9.760

STÖÐUGILDI B-HLUTA M.V. ÁBYRGÐARHLUT RVK




*Meðalfjöldi stöðugilda byggðasamlaga og sameignarfélaga tekur mið af hlutfallslegri ábyrgð borginnar í samræmi við reglugerð 1212/2015.

Grænn vöxtur Reykjavíkurborgar

Græna planið er heildarstefna Reykjavíkurborgar sem dregur upp framtíðarsýn borgarinnar til ársins 2030 og tengir lykilstefnur og áætlanir borgarinnar við þá sýn. Með áherslu á **efnahag, umhverfi og samfélag** heldur Græna planið utan um fimmtán lykiláherslur undir víddunum **Vaxandi borg**, **Græn borg** og **Borg fyrir fólk** sem virka sem sameiginlegt leiðarljós þvert á svið Reykjavíkurborgar. Ítarlegar upplýsingar er að finna um markmið, aðgerðir og framgang þeirra á [heimasíðu borgarinnar](#). Til að mæla árangur Græna plansins hefur Reykjavíkurborg innleitt safn mælikvarða sem mæla stöðu borga með tilliti til sjálfbærni.

Stefnt er að kolefnishlutleysi vegna reksturs borgarinnar, þannig verður dregið úr losun samanber þátttöku borgarinnar í loftslagsyfirlýsingu Reykjavíkurborgar og Festu árið 2015, meðal annars með þátttöku allra vinnustaða í Grænum skrefum borgarinnar, uppsetningu matarspors í mötuneytum borgarinnar og kolefnisjöfnun losunar frá rekstri.

Framgangur í átt að kolefnishlutleysi vegna reksturs borgarinnar er birtur í grænu bókhaldi Reykjavíkurborgar, sem hefur verið tekið saman frá viðmiðunarárinu 2015 og er nú birt með ársreikningi borgarinnar.



Rekstur ársins 2024

Endurskoðaður ársreikningur Reykjavíkurborgar fyrir árið 2024 er gerður í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga og reglugerð um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga. Í ársreikningnum er gerð grein fyrir reikningsskilaaðferðum.

Rekstrarniðurstaða A- og B-hluta á árinu 2024 var jákvæð um 10,7 ma.kr. Heildareignir A- og B-hluta samkvæmt samanteknum efnahagsreikningi 31. desember 2024 námu samtals 978,8 ma.kr. og heildarskuldir ásamt skuldbindingum voru 525 ma.kr. Eigið fé nam 453,9 ma.kr., en þar af nam hlutdeild minnihluta 17,7 ma.kr.

Rekstrarniðurstaða var 14,1 ma.kr. betri niðurstaða en árið 2023. Í áætlun var gert ráð fyrir 7,7 ma.kr. afgangi. Grunnrekstur A- og B-hluta, þ.e. rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði og afskriftir, skilaði 63 ma.kr. í afgang sem var 15,4 ma.kr. betri niðurstaða en árið 2023. Í fjárhagsáætlun var gert ráð fyrir 56,8 ma.kr. rekstrarafgangi. Rekstrarniðurstaða A- og B-hluta fyrir afskriftir og fjármagnsliði (EBITDA) í hlutfalli af tekjum var 23% og batnaði um 3,8%-stig milli ára.

Tekjur A- og B-hluta námu 277,4 ma.kr. og hækkuðu um 25,8 ma.kr. milli ára, þar vó hækkun skatttekna þýngst um 9,4 ma.kr. eða 7% en hækkun í öðrum tekjum má að mestu rekja til

meiri tekna OR af heitu vatni og rafmagni. Rekstrargjöld námu 214,5 ma.kr. og hækkuðu um 10,4 ma.kr. eða 5,1% milli ára.

Eigið fé A- og B-hluta hækkaði um 16,8 ma.kr. milli ára sem einkum má rekja til jákvæðrar rekstrarniðurstöðu, endurmats á framleiðslu- og dreifikerfi Orkuveitu Reykjavíkur og hækkunar lóðamats sem skatttekjur reiknast af hjá A-hluta. Eignfjárhlutfall A- og B-hluta nam 46,4% en var 46,9% árið 2023. Skuldaviðmið A- og B-hluta án OR lækkar milli ára og var 104% í árlök 2024 en var 110% árið 2023. Þá var jafnvægisviðmiðið án OR jákvætt um 3,95 ma.kr. en ákvæði í reglugerð 502/2012 um að undanskilja skuli veitu- og orkufyrirtæki við útreikning á jafnvægis- og skuldaviðmiði hefur verið framlengt til ársloka 2029. Veltufé frá rekstri var jákvætt um 40,3 ma.kr. og hækkaði um 4,6 ma.kr. milli ára. Veltufé frá rekstri í hlutfalli af tekjum nam 14,5% en var 14,2% árið 2023. Brúttó fjárfestingar, þ.e. fjárfestingar í varanlegum rekstrarfjármunum, fjárfestingareignum og óefnislegum eignum námu 58,1 ma.kr. og lækkuðu um 1,8 ma.kr. milli ára. Lántaka þar með talin ný stofnframlög umfram afborganir langtímalána nam 21,1 ma.kr. en var 22,9 ma.kr. árið áður.

Rekstrarniðurstaða A-hluta á árinu 2024 var jákvæð um 4,7 ma.kr. sem var 9,7 ma.kr. viðsnúningur frá fyrra ári og 4,1 ma.kr. betri niðurstaðan en áætlað var. Heildareignir A-hluta samkvæmt efnahagsreikningi 31. desember 2024 námu samtals 292,2 ma.kr. og heildarskuldir ásamt skuldbindingum voru 203,6 ma.kr. Eigið fé nam 88,6 ma.kr. og hækkaði um 7,4 ma.kr. á árinu.

Tekjur A-hluta námu 194,5 ma.kr. hækkuðu um 18,0 ma.kr. milli ára og voru 2,6 ma.kr. yfir áætlun. Tekjur af staðgreiddu útsvari hækkuðu um 10,7 ma.kr. frá fyrra ári, þar af voru 2 ma.kr. vegna hækkunar útsvarsprósentu um 0,23%-stig. Framlög frá Jöfnunarsjóði hækkuðu um 3,6 ma.kr. milli ára og sala byggingarréttar var 3,1 ma.kr. hærri en á síðasta ári.

Rekstrargjöld A-hluta með afskriftum námu 185,9 ma.kr. og hækkuðu um 8,6 ma.kr. milli ára en voru 230 m.kr. undir fjárheimildum. Launakostnaður hækkaði um 6,4 ma.kr. frá fyrra ári en var 404 m.kr. undir áætlun. Á árinu voru kjarasamningar lausir og samið var við flestar stéttir. Tekjufærð breyting lífeyrisskuldbindingar við Lífeyrissjóð Brú nam 847 m.kr. en áætluð var gjaldfærsla um 2,1 ma.kr. sem skýrist aðallega af góðri ávöxtun eigna sjóðsins. Lífeyrissjóður starfsmanna Reykjavíkurborgar var sameinaður Brú lífeyrissjóði í byrjun ársins og myndar R-deild Brúar. Annar rekstrarkostnaður hækkaði milli ára um 6 ma.kr. og var 2,9 ma.kr. yfir fjárheimildum. Helstu frávík frá áætlun er að finna í vistunum barna á vegum barnaverndarnefndar, rekstri leikskóla og í vetrarþjónustu.

Rekstrarniðurstaða A-hluta fyrir afskriftir og fjármagnsliði (EBITDA) í hlutfalli af tekjum var 9,3% en hún var 4,5% árið áður. Fjármagnsliðir voru neikvæðir um 3,8 ma.kr. eða 1,3 ma.kr. lægri en áætlað var sem skýrist bæði af hærri vaxtatekjum og lægri verðbóta- og vaxtagjöldum. Arður af eignarhlutum nam 5,7 ma.kr. og var á pari við áætlun.

Eigið fé A-hluta nam 88,6 ma.kr. í lok árs og hækkaði um 7,4 ma.kr. á árinu. Endurmat lóða sem skattur vegna lóðarleigu reiknast af nam 2,6 ma.kr. og færðist til hækkunar á eigin fé. Eignfjárhlutfall A-hluta nam 30% en var 29% í árslok 2023. Veltufé frá rekstri var jákvætt um

12,2 ma.kr. og veltufé frá rekstri í hlutfalli af tekjum nam 6,3% en var 6,5% á síðasta ári. Brúttó fjárfestingar námu 20,7 ma.kr. og voru 2 ma.kr. undir fjárheimildum. Fjárfestingar drógust saman um 5,1 ma.kr. milli ára. Lántaka ársins nam 16,2 ma.kr., lækkaði milli ára um 4,6 ma.kr. en var 270 m.kr. undir áætlun. Afborganir langtímalána og leiguskulda námu 13,3 ma.kr. á árinu en voru 6,4 ma.kr. hærri en árið áður vegna gjalddaga kúluláns sem nam 4,8 ma.kr.

Á árinu gerði Reykjavíkurborg samning við Þróunarbanka Evrópuráðsins (CEB) um lán að fjárhæð 100 milljónum evra til fjármögnunar á viðhaldsátaki í húsnæði grunnskóla, leikskóla og frístundar. Hægt er að fjármagna fjárfestingar frá og með árinu 2023. Í lok árs var dregið á lánið 16 milljónir evra eða 2,3 ma.kr. Lánið er til 20 ára með breytilegum vöxtum. Í árslok var samsvarandi fjárhæð á bankareikningi í evrum. Á árinu 2025 stendur til að beita áhættuvörnum s.s. vaxtaskipta- og gjaldeyrisskiptasamningum til að verjast vaxta- og gjald-eyrisáhættu.

Mál Reykjavíkurborgar á hendur ríkinu vegna greiðslna úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga á árunum 2015-2019 sem Héraðsdómur hafði dæmt borginni í vil 3,4 ma.kr. ásamt vöxtum árið 2023 tapaðist í Hæstarétti og var Reykjavíkurborg dæmt til að greiða 4 m.kr. í málskostnað. Ekkert hafði verið fært í bækur Reykjavíkurborgar á meðan málið var fyrir dómsstólum.

Álagningarhlutfall útsvars var 14,97%, sem er lögbundið hámark, álagningarhlutfallið var hækkað um 0,23% í ársbyrjun 2024. Álagningarhlutfall fasteignaskatts nam 0,18% í A-flokki íbúðarhúsnæðis, 1,32% í B-flokki opinberra bygginga og 1,60% í C-flokki atvinnuhúsnæðis. Lögbundið hámark fasteignaskatta er 0,625% í A-flokki, 1,32% í B-flokki og 1,65% í C-flokki.

Pann 1. desember 2024 var fjöldi íbúa í Reykjavíkurborg 145.931 skv. Þjóðskrá.

Í febrúar 2025 var myndaður nýr meirihluti Samfylkingar, Pírata, Sósíalista, Vinstri Grænna, og Flokk fólksins í borgarstjórn. Borgarstjóri er Heiða Björg Hilmisdóttir.

Ytra umhverfi og helstu áhættur

Rekstrarumhverfi Reykjavíkurborgar hefur á undanförnum árum einkennst af þenslu á vinnumarkaði, þrálátri verðbólgu og háum vöxtum. Á árinu 2024 tók verðbólga að hjaðna og mældist 4,8% í desember. Samhliða því hóf Seðlabanki Íslands að lækka stýrivexti, sem stóðu í 8,5% í árslok. Í Peningamálum Seðlabanka Íslands, sem birt voru 5. feb. sl. kemur fram að verðbólguþrýstingur sé enn til staðar. Það kalli á áframhaldandi þétt taumhald peningastefnunnar og varkárni við stýrivaxtaákvarðanir. Raunvaxtastig er því enn nokkuð hátt, sem endurspeglast í minni spennu á vinnumarkaði. Peningamál gera ráð fyrir 0,4% samdrætti í hagkerfinu á árinu 2024. Minni umsvif birtast í útsvarstekjum borgarinnar en fjöldi starfandi jókst um 2,4% árið 2024 sem er talsvert minna en síðastliðin ár. Á sama tíma jókst fjöldi atvinnulausra um 10,4% á milli ára.

Þróun næstu missera ræðst að mestu af því hversu vel gengur að ná niður verðbólgu og vöxtum án þess að kæla hagkerfið um of. Samið hefur verið við stóran hluta vinnumarkaðar-

ins en sveitarfélögin studdu myndarlega við kjarasamninga með lækkun gjaldskráa og þátttöku í gjaldfrjálsum skólamáltíðum. Þrátt fyrir þetta eru blikur á lofti í alþjóðlegum efnahagsmálum, bæði vegna tollaáætlana og stríðsátaka. Mikil óvissa ríkir um hvaða áhrif þessir þættir muni hafa á innlent hagkerfi.

Áskoranir í rekstri Reykjavíkurborgar voru m.a. vegna verkefna sem flutt hafa verið frá ríki til sveitarfélaga án þess að fullnægjandi fjármögnun fylgi. Náðst hafa áfangar í fjármögnun á málafllokki fatlaðs fólks þegar samið var um 0,22% hækkun á álagningarhlutfalli útsvars í árslok 2022 og síðan 0,23% hækkun í árslok 2023. Þá var í mars 2025 undirritað samkomulag milli ríkis og sveitarfélaga vegna rekstur úrræða fyrir börn með fjölþættan vanda. Niðurstaða skýrslu starfshóps ríkis og sveitarfélaga um fjármögnun málaflokksins sýnir þó að enn vanta upp á fulla fjármögnun málaflokksins til framtíðar.

Fjárfestingar ársins 2024 námu 20,7 ma.kr. og einkenndust af miklu leyti af viðhaldsátaki í skólum og fjárfestingu í innviðum til að tryggja uppbyggingu húsnæðis. Fjárfestingar voru fjármagnaðar með lántökum að fjárhæð 16,2 ma.kr., annars vegar með útgáfu skuldabréfa og hins vegar með lántöku hjá Próunarbanka Evrópuráðsins. Reykjavíkurborg áætlað að fjármagna fjárfestingar ársins 2025 með lántökum allt að 16,5 ma.kr.. Gert er ráð fyrir að lántakan fari fram með útgáfu skuldabréfa á skuldabréfamarkaði, með beinni lántöku eða með öðrum hætti til að mæta fjárförf borgarsjóðs á hverjum, tíma. Ákvörðun um fyrirkomulag hvers skuldabréfaútboðs er tekin í aðdraganda þess, meðal annars að teknu tilliti til lánskjara, stöðu framkvæmda og fjárþarfar á hverjum tíma.

Í fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar 2025-2029 sem samþykkt var þann 3. des. sl. eru áfram gerðar ríkar kröfur um aðhald í rekstri. Tekið var upp nýtt verklag þar sem skerpt var á ábyrgð stjórnenda og fagraða að forgangsraða þjónustu og verkefnum innan þess fjárhagslega svigrúms sem til staðar er á komandi rekstrarári. Fjárhagsáætlunin byggir á grunni fjármálastefnu Reykjavíkurborgar 2023-2027 með skýrum áherslum og markmiðum sem fylgt hefur verið fast eftir. Mælikvarðar fjármálastefnunnar fyrir A-hluta sýna hægfara bata og gert er ráð fyrir að búið verði að ná markmiðum í fjárhagsáætlun ársins.

Upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að leggja mat á þróun, umfang, stöðu og áhrif Reykjavíkurborgar í tengslum við umhverfis-, félags- og starfsmannamál ásamt öðru eru settar fram í Yfirlýsingu um stjórnarhætti og ófjárhagslegar upplýsingar, sem er fylgiskjal með ársreikningnum.

Yfirlýsing

Samkvæmt bestu vitneskju borgarstjóra og borgarráðs er ársreikningurinn saminnt í samræmi við lög og gefur glögga mynd af eignum og skuldum, fjárhagsstöðu og rekstrarafkomu A-hluta og samstæðunnar í heild, og að í skýrslu borgarstjóra og borgarráðs komi fram þær upplýsingar sem krafist er.

Borgarstjóri og borgarráð staðfesta hér með ársreikning Reykjavíkurborgar fyrir árið 2024 með undirritun sinni.

Reykjavík, 2. maí 2025.

Borgarstjóri

Borgarráð

Áritun Borgarstjórnar

Borgarstjórn mun árita ársreikninginn við síðari umræðu í borgarstjórn.

Áritun óháðra endurskoðenda

Til borgarstjórnar Reykjavíkurborgar.

Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Reykjavíkurborgar fyrir árið 2024 sem hefur að geyma A-hluta starfsemi sveitarfélagsins og samantekinn ársreikning A- og B-hluta. Hann skiptist í rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um mikilvægar reiknings-skilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu borgarinnar 31. desember 2024 og afkomu hennar og breytingu á handbæru fé á árinu 2024, í samræmi við lög um ársreikninga og sveitarstjórnarlög.

Endurskoðunin og álitid nær til:

Endurskoðunin og álit okkar á ársreikningnum nær til rekstrarreiknings, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar. Við höfum ekki endurskoðað og gefum því ekki álit á skýrslu borgarstjóra og borgarráðs umfram það sem okkur ber að gera samanber yfirlýsingu hér að neðan.

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104. gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við að í skýrslu borgarstjóra og borgarráðs sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar að lágmarki sem ber að veita í skýrslu stjórnar samkvæmt lögum um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla (ISA) en nánar er gerð grein fyrir ábyrgð okkar í kaflanum Ábyrgð endurskoðanda. Við uppfyllum ákvæði siðareglna endurskoðenda á Íslandi og teljumst því óháð samstæðunni. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Lykilatriði endurskoðunarinnar

Lykilatriði endurskoðunarinnar eru þau atriði, sem að okkar faglega mati, hafa mesta þýðingu við endurskoðun okkar á ársreikningi sveitarfélagsins árið 2024. Þessi atriði voru yfirfarin við endurskoðun á ársreikningnum og höfð til hliðsjónar við ákvörðun á viðeigandi álit á honum. Í áritun okkar látum við ekki í ljós sérstakt álit á hverju þeirra fyrir sig.

Eftirfarandi atriði teljum við vera lykilatriði í endurskoðun okkar:

Mat framleiðslu- og veitukerfis Orkuveitu Reykjavíkur

Sjá umfjöllun í skýringu 10 og skýringu 45 um mikilvægar reikningsskilaaðferðir.

Skýring á verulegri áhættu:

Við höfum skilgreint mat framleiðslu- og veitukerfa sem lykilatriði við endurskoðun okkar vegna ársins 2024. Veitu- og framleiðslukerfi Orkuveitu Reykjavíkur eru metin útfrá afskrifuðu endurstofnverði í samræmi við ákvæði IAS 16. Lagt er mat á breytingu á byggingarkostnaði sambærilegra eigna og bæði stofnverð og uppsafnaðar fyrningar endurmetnar í samræmi við þær breytingar. Orkuveitan framkvæmir virðisrýrnunarpróf á reikningsskiladegi og færir virðisrýrnun ef núvirt tekjustreymi er lægra en bókfært virði einstakra eigna. Einnig getur endurstofnverð aldrei orðið hærra en sem nemur núvirtu tekjustreymi.

Forsendur sem stuðst er við í endurmati og virðisrýrnunarprófi byggja á mati stjórnenda og eru að hluta til huglægar. Þar sem eignfærð framleiðslu- og veitukerfi eru verulegur liður í samanteknum ársreikningi A- og B-hluta getur hver breyta í forsendum haft veruleg áhrif á afkomu og efnahag. Vinna okkar náði bæði til mats á endurmati og virðisrýrnun framleiðslu- og veitukerfa.

Hvernig var brugðist við verulegu áhættunni:

Sem hluti af endurskoðun okkar fórum við yfir aðferðafræði félagsins við mat á framleiðslu- og veitukerfum og samkvæmni þess við alþjóðlega reikningsskilastaðla.

Við fórum yfir ferli Orkuveitunnar við endurmatið og virðisrýrnunarprófanir.

Við fórum einnig yfir virkni líkana sem félagið notar við matið. Við staðfestum forsendur sem félagið notar við opinberar upplýsingar í þeim tilvikum þar sem það var hægt. Í þeim tilvikum þar sem forsendur eru ekki rekjanlegar við opinberar upplýsingar, lögðum við sjálfstætt mat á þær.

Við þessa skoðun var verðmatssérfræðingur fenginn til aðstoðar.

Mat á innbyggðri afleiðu Orkuveitu Reykjavíkur

Sjá umfjöllun í skýringu 18.

Skýring á verulegri áhættu:

Innbyggð afleiða í raforkusölusamningum Orkuveita Reykjavíkur er færð á efnahagsreikning þar sem verð ákveðinna raforkusamninga við stórnotendur eru bundnir við álverð. Þar sem áhætta á sölu á rafmagni og álverði er ekki nátengd gera reikningsskilastaðlar kröfu um að áhættan er snýr að tengingu við álverð sé metin sérstaklega.

Mat innbyggðrar afleiðu er háð forsendum stjórnenda sem og ytri þáttum. Sökum þess hversu viðkvæmt matið er gagnvart breytingum í forsendum teljum við þessa áhættu vera verulega. Þá er umfang afleiðunnar með þeim hætti að breytingar á gangvirði hafa jafnan veruleg áhrif á samantekinn ársreikning A- og B-hluta.

Hvernig var brugðist við áhættunni:

Við höfum yfirfarið ferli Orkuveitunnar við matið. Við fórum yfir aðferðafræði félagsins og bárum saman forsendur við opinberar upplýsingar þar sem þær liggja fyrir og lögð-um mat á aðrar forsendur.

Við endurreiknuðum virði afleiðunnar og yfir-
fórum virkni líkansins sem félagið notar við
matið.

Við þessa skoðun var verðmatssérfræðingur
fenginn til aðstoðar.

Innlausn tekna

Sjá umfjöllun í skýringu 3 og skýringu 41 um mikilvægar reikningsskilaaðferðir

Skýring á verulegri áhættu

Við endurskoðun ársreiknings Reykjavíkurborgar er sérstök áhersla lögð á innlausn tekna. Tekjum A- og B-hluta má gróflega skipta í þrennt, skatttekjum, framlagi jöfn-unarsjóðs sveitarfélaga og aðrar sértekjur sviða og B-hluta félaga. Tekjuinnlausn getur verið háð mati stjórnenda auk þess sem álitaefni kunna að koma upp um tekjuinnlausn langtímasamninga og seldra byggingarrétta eða úthlutaðra lóða. Þar sem þessi álitaefni eða matskenndu forsendur geta haft veruleg áhrif á samantekinn ársreikning A- og B-hluta teljum við endurskoðun tekna lykilþátt við endurskoðun okkar.

Hvernig var brugðist við áhættunni

Við endurskoðun tekna höfum við lagt mat á eftirlitsþætti í tekjukerfum hvernar rekstrar-einingar fyrir sig. Þá höfum við prófað ákveðna eftirlitsþætti er snúa að skráningu tekna. Við höfum skoðað og lagt mat á tölvu-eftirlitsumhverfi hvernar einingar þ.s. við höfum m.a. farið yfir hvernig aðgangsstýring-um er háttað inn í fjárhagskerfi og í undirkerfi er snúa að tekjuskráningu.

Við höfum beitt gagnaendurskoðunaraðgerð-um þar sem við höfum m.a. beðið um stað-
festingu ákveðinna viðskiptavina á veltu og
viðskiptastöðu um áramót eða staðfest við-
skiptastöðu með öðrum hætti.

Við höfum einnig framkvæmt greiningarað-
gerðir út frá magn- og verðaukningu þar sem
við höfum borið saman væntingar okkar við
raunverulega tekjuskráningu.

Aðrar Upplýsingar

Borgarstjórn og borgarstjóri eru ábyrg fyrir öllum upplýsingum sem sveitarfélagið birtir, jafnt ársreikningi sem öðrum upplýsingum. Álit okkar nær ekki til annarra upplýsinga sem sveitarfélagið gefur út en talið er hér að ofan. Aðrar upplýsingar eru t.a.m. skýrsla borgarstjóra og borgarstjórnar (ekki umfram það sem álit okkar segir til um hér að neðan), óendurskoðuð stjórnarháttaryfirlýsing sveitarfélagsins og skýrsla fjármála- og áhættu-
stýringarsviðs borgarinnar. Staðfestum við því ekki þær upplýsingar sem þar er að finna.

Hvað ábyrgð okkar varðar felst hún í yfirlestri á slíkum fjárhagsupplýsingum og athugun á því hvort um verulegt ósamræmi sé að ræða milli þeirra og ársreikningsins.

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104. gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við að í skýrslu borgarstjóra og borgarstjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar að lágmarki sem ber að veita í skýrslu stjórnar samkvæmt lögum um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Ábyrgð borgarstjórnar og borgarstjóra á ársreikningnum

Borgarstjórn og borgarstjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og sveitarstjórnarlög. Borgarstjórn og borgarstjóri eru einnig ábyrg fyrir innra eftirliti við gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins er borgarstjórn og borgarstjóri ábyrg fyrir mati á rekstrarhæfi sveitarfélagsins. Ef vafi leikur á rekstrarhæfi skal gerð grein fyrir því í ársreikningnum með viðeigandi skýringum og greint frá því hvers vegna ákveðið var að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins.

Borgarstjórn og Endurskoðunarnefnd Reykjavíkur skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar. Nægjanleg vissu er nokkuð hátt stig vissu, en það tryggir ekki að endurskoðun sem framkvæmd er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið til vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, stakar eða samanlagðar. Sem hluti af endurskoðuninni sem framkvæmd er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla, beitum við faglegu mati (e. professional judgment) og viðhöfum faglega tortryggni (e. professional skepticism). Eftirfarandi er einnig hluti af endurskoðun okkar á ársreikningi sveitarfélagsins:

- Greina og meta hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, skipuleggja og framkvæma endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflun endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka þar sem sviksemi getur

falið í sér samsæri, skjalafals og misvísandi framsetningu ársreikningsins, að einhverju sé viljandi sleppt eða að innra eftirlit sé sniðgengið.

- Afla skilnings á innra eftirliti, ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits sveitarfélagsins, heldur í þeim tilgangi að skipuleggja viðeigandi endurskoðunar-aðgerðir. - Meta hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.
- Meta hvort forsendan um rekstrarhæfi eigi við, hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið vafa um rekstrarhæfi. Ef við teljum að vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi ber okkur að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar. Atburðir eða aðstæður eftir dagsetningu áritunar geta þannig valdið óvissu um rekstrarhæfi sveitarfélagsins.
- Meta hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum og leggja mat á framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins með tilliti til glöggrar myndar, skýringum þar á meðal.
- Afla endurskoðunargagna er varða verulegar einingar innan ársreikningsins til að geta látið í ljós álit á ársreikningi. Við erum ábyrg fyrir skipulagi, umsjón og framkvæmd endurskoðunar á ársreikningi sveitarfélagsins og berum ein ábyrgð á álit okkar á ársreikningi sveitarfélagsins.

Okkur ber skylda til að upplýsa borgarstjórn og endurskoðunarnefnd meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar auk verulegra atriða sem upp komu í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti, ef við á.

Við höfum afhent borgarstjórn og endurskoðunarnefnd endurskoðunarskýrslu þar sem gerð er grein fyrir þessum atriðum og er hún í samræmi við áritun þessa.

Við höfum ekki veitt félaginu neina þá þjónustu sem telst óheimilt að veita samhliða endurskoðun í samræmi við lög um endurskoðendur. Við höfum einnig afhent borgarstjórn og endurskoðunarnefnd yfirlýsingu þess efnis að við uppfylfum ákvæði siðareglna er varðar óhæði. Við höfum jafnframt komið á framfæri upplýsingum um tengsl eða aðra þætti sem gætu haft áhrif á óhæði okkar og hvaða varúðarráðstafanir við höfum stuðst við til að tryggja óhæði okkar, ef við á.

Af þeim atriðum sem við upplýstum borgarstjórn og endurskoðunarnefnd um lögðum við mat á hvaða atriði höfðu mesta þýðingu í endurskoðuninni á yfirstandandi ári og eru það lykilatriði endurskoðunarinnar. Við gerum grein fyrir þessum atriðum í áritun okkar nema lög og reglur heimila ekki slíka upplýsingagjöf. Í undantekningartilfellum kunnum við að greina ekki frá slíkum atriðum ef við metum það svo að neikvæðar afleiðingar af slíkri upplýsingagjöf vegi þyngra en hagsmunir almennings af upplýsingunum.

Við vorum skipaðir endurskoðendur af borgarstjórn í kjölfar útboðs á endurskoðunarþjónustu í júlí 2018 og endurskipaðir í júní 2023 í kjölfar útboðs. Er þetta því sjötta samfellda reikningsárið þar sem við erum endurskoðendur borgarinnar.

Fyrir hönd Grant Thornton endurskoðunar ehf.

Reykjavík, maí 2025

J. Sturla Jónsson

löggiltur endurskoðandi

Davíð A. Einarsson

löggiltur endurskoðandi

Rekstrarreikningur 2024

	Skýr.	A-hluti			A- og B-hluti		
		Ársreikningur	Fjárhagsáætlun með viðaukum	Ársreikningur	Ársreikningur	Fjárhagsáætlun með viðaukum	Ársreikningur
		2024	2024	2023	2024	2024	2023
Rekstrartekjur	3, 41						
Skatttekjur		144.747.331	146.206.079	135.320.671	143.895.638	145.363.216	134.506.968
Framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga		16.997.374	15.845.015	13.382.834	16.997.374	15.845.015	13.382.834
Aðrar tekjur		32.705.974	29.777.777	27.704.254	116.545.614	111.422.451	103.735.134
Rekstrartekjur samtals		194.450.680	191.828.871	176.407.759	277.438.627	272.630.682	251.624.936
Rekstrargjöld	42						
Laun og launatengd gjöld	4	104.695.157	105.099.221	98.280.407	123.653.089	125.912.237	115.870.720
(Lækkun) hækkun lífeyrisskuldbindinga	4,24	(846.685)	2.100.000	3.759.602	(758.229)	2.100.000	4.005.713
Annar rekstrarkostnaður		72.442.986	69.522.104	66.417.857	91.561.749	87.839.069	84.161.983
Rekstrargjöld samtals		176.291.457	176.721.325	168.457.866	214.456.609	215.851.306	204.038.417
Rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir, EBITDA		18.159.223	15.107.547	7.949.893	62.982.018	56.779.377	47.586.520
Afskriftir	9-12,47-48	(9.560.898)	(9.361.085)	(8.775.759)	(27.874.855)	(27.124.800)	(26.016.580)
Rekstrarniðurstaða fyrir fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld).....		8.598.324	5.746.461	(825.866)	35.107.163	29.654.577	21.569.939
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	6,43	(3.797.397)	(5.096.229)	(4.143.481)	(25.954.525)	(25.830.514)	(29.418.078)
Rekstrarniðurstaða fyrir skatta, matsbreytingar og áhrif hlutdeildarfélaga		4.800.927	650.232	(4.969.347)	9.152.638	3.824.063	(7.848.139)
Tekjuskattur	27,57	0	0	0	(648.627)	(884.403)	(242.887)
Matsbreyting fjárfestingareigna	10,45	0	0	0	2.773.469	5.260.914	4.966.581
Hlutdeild í afkomu hlutdeildarfélaga	8,49	(55.200)	0	0	(30.996)	0	42.403
Hlutdeild minnihluta í afkomu dótturfélaga		0	0	0	(569.547)	(531.256)	(303.332)
Rekstrarniðurstaða.....	7	4.745.727	650.232	(4.969.347)	10.676.936	7.669.318	(3.385.374)

Efnahagsreikningur 31. desember 2024

Eignir	Skýr.	A-hluti		A- og B-hluti	
		Ársreikningur	Ársreikningur	Ársreikningur	Ársreikningur
		31.12.2024	31.12.2023	31.12.2024	31.12.2023
Fastafjármunir					
Óefnislegar eignir:					
Óefnislegar eignir	9,44	5.912.636	5.272.080	12.294.118	11.114.604
Varanlegir rekstrarfjármunir:	45,47,48				
Fasteignir	10	170.418.495	162.241.089	199.024.410	188.038.699
Veitukerfi	10	0	0	431.068.377	416.885.856
Fjárfestinga eignir	10	0	0	161.109.336	157.086.147
Gatnakerfi	10	40.679.049	38.250.309	41.101.315	38.705.015
Áhöld og tæki	10	8.555.346	8.727.652	16.363.313	14.679.189
Leigueignir	11	5.723.522	5.899.166	6.754.108	6.857.269
		225.376.412	215.118.217	855.420.859	822.252.175
Áhættufjármunir og langtímakröfur:					
Stofnframlög og eignarhlutir í félögum	17, 49	17.063.405	15.546.740	13.629.042	5.964.566
Fyrirframgreiddur kostnaður	50	7.707.452	8.092.608	8.091.700	8.495.866
Innbyggðar afleiður	18	0	0	406.754	1.914.127
Áhættuvarnarsamningar	46	0	0	63.086	50.239
Tekjuskattseign	27,57	0	0	6.171.165	4.792.230
Aðrar langtímakröfur	19,51,52	1.661.581	1.228.185	1.830.873	1.402.847
		26.432.439	24.867.534	30.192.619	22.619.875
Fastafjármunir samtals		257.721.487	245.257.831	897.907.596	855.986.654
Veltufjármunir					
Birgðir	20, 53	0	0	1.857.695	1.876.626
Skammtímakröfur:	54				
Óinnheimtar tekjur og viðskiptakröfur	21	18.848.177	19.016.139	27.608.281	26.666.348
Næsta árs afborganir annarra langtímakrafna	19	869.591	411.577	887.027	455.481
Kröfur á eigin fyrirtæki		254.287	265.818	15.672	2.590
Fyrirframgreiddur kostnaður	50	385.156	385.156	684.032	783.106
Innbyggðar afleiður	18	0	0	275.913	15.306
Áhættuvarnarsamningar	46	0	0	94.574	218.901
Eignarhlutir til sölu	21	420.000	624.200	420.000	6.256.200
Aðrar skammtímakröfur	21	1.567.088	2.260.131	3.347.149	4.333.027
Bundnar innstæður og markaðsverðbréf	22	0	0	11.594.110	8.670.016
Handbært fé	22, 55	12.150.761	11.505.818	34.132.862	27.084.881
Veltufjármunir samtals		34.495.059	34.468.838	80.917.315	76.362.484
Eignir samtals		292.216.546	279.726.670	978.824.910	932.349.137

Efnahagsreikningur 31. desember 2024

Eigið fé og skuldir	Skýr.	A-hluti		A- og B-hluti	
		Ársreikningur	Ársreikningur	Ársreikningur	Ársreikningur
		31.12.2024	31.12.2023	31.12.2024	31.12.2023
Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs.	56,6%	118.762
Sorpa bs.	56,6%	1.210.983
Strætó bs.	56,6%	983.820
Félagsbústaðir hf.	100,0%	34.259.379
Skuldbindingar A-hluta Reykjav.borgar vegna B-hluta fyrirtækja utan efnahags		75.268.040

Skýringar með ársreikningi

33. Heildaryfirlit um fjárhagsstöðu í árslok

Eignir, skuldir og eigið fé Reykjavíkurborgar greinist þannig:

	Eignarhluti	Eignir	Skuldir	Eigið fé
A-hluti	100,0%	292.216.546	203.574.951	88.641.595
Aflvaki hf.	95,7%	8.594	0	8.594
Faxaflóahafnir sf.	75,6%	15.386.406	509.224	14.877.182
Félagsbústaðir hf.	100,0%	162.694.554	76.267.905	86.426.649
Íþrótt og sýningahöllin hf.	50,0%	1.959.735	1.471.544	488.191
Jafnlaunastofa sf.	50,0%	3.663	4.290	(627)
Malbikunarstöðin Höfði hf.	100,0%	1.620.600	350.797	1.269.803
Orkuveita Reykjavíkur	93,5%	477.004.542	228.441.522	248.563.020
Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs.	60,8%	2.262.869	596.135	1.666.735
Sorpa bs.	58,3%	5.378.390	1.962.772	3.415.618
Strætó bs.	60,3%	1.726.785	1.817.777	(90.992)
Þjóðarleikvangur ehf.	50,0%	865	3.414	(2.549)
Millifærslur		(16.348.360)	(7.281.477)	(9.066.679)
Samtals		943.915.189	507.718.853	436.196.540
Hlutdeild minnihlutaeigenda		34.909.722	17.254.204	17.655.314
Heildarstaða skv. ársreikningi		978.824.910	524.973.056	453.851.854

Reikningsskil byggðasamlaga og sameignarfélaga í meirihlutaeign Reykjavíkurborgar eru í þessum ársreikningi færð inn í samantekin reikningsskil Reykjavíkurborgar miðað við hlutfallslega ábyrgð borgarinnar í samræmi við breytingar á reglugerð nr. 1212/2015, samanber reglugerð nr. 230/2021 en ekki samanber eignarhluta.

34. Önnur mál

Raforkusamningi við Norðurál vísað til alþjóðlegs gerðardóms

Á árinu 2024 hélt áfram gerðardómsferli um túlkun ákvæða raforkusölusamnings við Norðurál, sem ON Power sér um framkvæmd á. Málið lýtur að kröfu Orkuveitunnar um endurskoðun á samningum, þar sem jafnvægi milli hagsmuna samningsaðila hafi raskast vegna atvika og forsendna sem Orkuveitan hefur ekki forræði á. Í þessum fasa málsins, mun niðurstaða gerðardómsins aðeins snúa að því hvort að jafnvægi milli samningsaðila hafi raskast vegna ófyrirsjáanlegra atvika, svo eðlilegt sé að taka upp viðræður um breytingar á samningum, en ekki taka afstöðu til mögulegra fjárhæða. Fyrirsjáanlegt er að niðurstaða gerðardóms muni liggja fyrir í byrjun mars 2025.

Sala á eignarhlut í Landsneti

Undanfarin misseri hefur verið stefnt að sölu eignarhlutar Orkuveitunnar í Landsneti, þar sem í raforkulögum er kveðið á um að flutningsfyrirtækið skuli vera í beinni eigu íslenska ríkisins og/eða sveitarfélaga. Í árslok 2020 samþykkti stjórn Orkuveitunnar að viljayfirlýsing um breytingu á eignarhaldi Landsnets yrði undirrituð og að ganga til viðræðna um sölu eignarhlutarins. Í kjölfarið hófust viðræður við fulltrúa fjármálaráðuneytisins um málið. Ráðuneytið samdi í lok árs 2022 við félög í eigu ríkisins um kaup á hlut þeirra í Landsneti, en ráðuneytið vildi klára þá samninga áður en gengið væri frá kaupum þess á hlut Orkuveitunnar. Ekki tókst að ganga frá sölu á hlut Orkuveitunnar á árinu 2024 líkt og stefnt hafði verið að, þrátt fyrir lagaskyldu þar um. Bókfært verð eignarhlutarins er metið á 6,2 milljarða kr. 31.12.2024 og hefur verið færður af veltufjármunum yfir á fastafjármuni, þar sem óvíst er hvenær verður af sölu eignarhlutarins.

Viðgerð á höfuðstöðvum Orkuveitunnar

Á árinu 2015 komu í ljós alvarlegar rakaskemmdir á húsnæði Orkuveitunnar að Bæjarhálsi 1. Endurnýjun útveggja vesturhúss er lokið og framkvæmdir innanhúss eru hafnar. Orkuveitan hefur gert verksamninga vegna framkvæmda innanhúss og er heildarskuldbinding vegna þessara samninga að fjárhæð 755 milljón kr. Áætluð verklok eru í maí 2025.

Ríkisframlag til Strætó bs.

Í maí 2012 var áritaður samstarfssamningur milli ríkissjóðs og eigenda Strætó bs., samkomulagið var upphaflega gert til 10 ára en framlengt til ársins 2034 og eru markmið og tilgangur samningsins m.a. eftirfarandi:

- Að a.m.k. tvöfalda hlutdeild almenningssamgangna í öllum ferðum sem farnar eru á höfuðborgarsvæðinu
- Að vinna að lækkun á samgöngukostnaði heimila og samfélagsins vegna umferðar og slysa
- Að stuðla að auknu umferðaröryggi
- Að stuðla að samdrætti í losun gróðurhúsalofttegunda í samgöngum á höfuðborgarsvæðinu.

Til að ná fram markmiðum samningsins mun Strætó bs. fá mánaðarlegt framlag frá ríkissjóði fram til ársins 2034.

Skýringar með ársreikningi

35. Virðisaukaskattskvöð

Sala og riftun kaupsamnings á bílastæðum við Austurbakka 2

Eignasjóður seldi 125 bílastæði í bílastæðakjallara Austurbakka 2, til Reykjavík Development ehf á árinu 2024. Bílastæðahúsið er skráð með sérstakri skráningu samkvæmt 4. mgr. 6. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt. Reykjavík Development ehf. tók yfir áhvílandi virðisaukaskattskvöð vegna hins selda frá og með afhendingardegi. Jafnframt seldi Aðalsjóður til Reykjavík Development ehf. eignarhlut sinn í Stæðum slhf.

Þann 7. nóvember var kaupsamningi dags. 26. október 2016 rift, þar sem Bílastæðasjóður Reykjavíkur var kaupandi og Reykjavík Development ehf. var seljandi. Um var að ræða 89 bílastæði í bílakjallara Austurbakka 2 ásamt akstursleiðum og tengingu á milli stæðanna. Reykjavíkurborg og Reykjavík Development ehf. sammæltust um að ógilda kaupsamninginn með öllu.

36. Málaferli

Ágreiningur um nýtingu á lóðinni Haukahlíð 2

S8 ehf. hefur höfðað máli gegn Reykjavíkurborg til greiðslu kr. 276.888.699,- auk dráttarvaxta vegna samkomulags um uppbyggingu og breytta nýtingu á lóðinni Haukahlíð 2. Jafnframt gerir S8 ehf. kröfu um að Reykjavíkurborg verði gert að greiða félaginu kr. 197.943.514,- auk dráttarvaxta. Aðalmeðferð í málinu mun fara fram 29. apríl nk.

Krafa Vesturbugt ehf. til viðukenningar á skaðabótaskyldu vegna riftunar samnings

Mál sem Vesturbugt ehf. hefur höfðað gegn Reykjavíkurborg aðallega til viðurkenningar á skaðabótaskyldu Reykjavíkurborgar vegna ætlaðs tjóns vegna missis hagnaðar sökum riftunar Reykjavíkurborgar á samningi á uppbyggingu í Vesturbugt, dags. 18. janúar 2017. Til vara gerir Vesturbugt ehf. kröfu annars vegar um greiðslu skaðabóta að fjárhæð kr. 116.171.425,- og hins vegar um endurgreiðslu á gatnagerðargjöldum að fjárnæð kr. 196.298.110,- að frádreginni innborgun Reykjavíkurborgar að fjárhæð kr. 146.835.960,-.

Reykjavíkurborg krafði íslenska ríkið um greiðslu úr Jöfnunarsjóði sveitarfélags fyrir árin 2015-2019

Reykjavíkurborg höfðaði mál á hendur íslenska ríkinu til greiðslu tiltekinnar framlaga úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga fyrir árin 2015-2019, eða greiðslu að fjárhæð 5.418 m.kr. vegna annars vegar almenns jöfnunarframlags vegna reksturs grunnskóla og hins vegar framlags vegna kennslu nemenda með íslensku sem annað tungumál. Til þrautarvara gerði Reykjavíkurborg kröfu um að viðurkennt væri fyrir dómi að íslenska ríkinu hafi verið óheimilt að afnema tilvitnuð framlög til Reykjavíkurborgar á grundvelli reglugerðarákvæða. Með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur frá 20. desember 2023 var íslenska ríkið dæmt til að greiða Reykjavíkurborg kr. 3.370 m.kr., ásamt vöxtum vegna umræddra tveggja framlaga fyrir árin 2015-2019, auk þess sem íslenska ríkið var talið hafa með ólögmætum og saknæmum hætti útilokað Reykjavíkurborg frá því að geta hlotið þessi framlög á grundvelli ákvæða reglugerðar, sem ekki var lagastoð fyrir. Ríkið vísaði málinu til Hæstaréttar og niðurstaða fékkst þann 20. nóvember sl. þar sem Hæstiréttur sýknaði ríkið af öllum kröfum Reykjavíkurborgar. Engar færslur voru færðar í bókum Reykjavíkurborgar vegna þessa máls á meðan að málið var fyrir dómsstólum. Reykjavíkurborg var dæmd til að greiða 4 m.kr. í málskostnað.

Reykjavíkurborg og einstök B-hluta fyrirtæki eru aðilar að ýmsum dómsmálum og öðrum ágreiningsmálum, öðrum en þeim sem að framan hefur verið greint frá, sem gætu haft fjárhagslega þýðingu fyrir einstök fyrirtæki eða samantekinn ársreikning A- og B-hluta.

37. Ytri efnahagsleg áhrif

Umfjöllun um ytri efnahagsleg áhrif er að finna í kaflanum Ytra umhverfi í skýrslu stjórnar hér að framan.

38. Tengdir aðilar

Aðal- og varamenn í borgarstjórn auk borgarstjóra og staðgengla hans eru skilgreindir sem tengdir aðilar sveitarfélagsins. Makar þessara aðila, börn og aðrir einstaklingar á framfæri aðilanna eða á framfæri maka aðilanna, falla einnig undir skilgreininguna. Þá eru félög sem lúta yfirráðum allra framangreindra aðila, einnig tengdir aðilar.

Sveitarfélagið hefur átt í viðskiptum við tengda aðila á árinu. Viðskipti við tengda aðila náðu meðal annars til hefðbundinnar þjónustu sem sveitarfélagið veitir og opinberra gjalda, sem lögð eru á tengda aðila. Viðskiptin eru á sömu forsendum og þegar um ótengda aðila er að ræða og eru skilyrði og skilmálar viðskiptanna sambærileg og við ótengda aðila. Við ákvörðun um viðskipti við tengda aðila er gætt að hæfisreglum 20. gr. sveitarstjórnarlaga. Tengdum aðilum er óheimilt samkvæmt samþykktum siðareglum að nýta sér stöðu sína í þágu einkahagsmuna sinna eða annarra sem eru þeim tengdir.

Vakin er athygli á því að 14 borgarfulltrúar létu hjá líða að skila skráningu vegna tengdra aðila innan tilskilins frests.

Skýringar með ársreikningi

39. Samanburður rekstraráætlana.

Í neðangreindu yfirliti er gerð grein fyrir rekstraráætlun fyrir árið 2024, samkvæmt upphaflega samþykkttri fjárhagsáætlun sveitarfélagsins, samþykktum viðaukum og fjárhagsáætlun með viðaukum. Fjárhagsáætlun með viðaukum er birt í rekstrarreikningi og öðrum skýringum ársreikningsins til samanburðar við rauntölur ársins.

	A-hluti			A- og B-hluti		
	Upphafleg fjárhags- áætlun	Viðaukar við fjárhags- áætlun	Fjárhags- áætlun með viðaukum	Upphafleg fjárhags- áætlun	Viðaukar við fjárhags- áætlun	Fjárhags- áætlun með viðaukum
Tekjur						
Skatttekjur.....	148.106.558	(1.900.479)	146.206.079	147.263.696	(1.900.479)	145.363.216
Framlög til Jöfnunarsjóðs.....	13.144.045	2.700.970	15.845.015	13.144.045	2.700.970	15.845.015
Aðrar tekjur.....	30.090.415	(312.638)	29.777.777	111.735.089	(312.638)	111.422.451
	<u>191.341.018</u>	<u>487.853</u>	<u>191.828.871</u>	<u>272.142.829</u>	<u>487.853</u>	<u>272.630.682</u>
Gjöld						
Laun og launatengd gjöld.....	104.764.397	334.824	105.099.221	125.577.413	334.824	125.912.237
Breyting lífeyrisskuldbindingar.....	2.650.000	(550.000)	2.100.000	2.650.000	(550.000)	2.100.000
Annar rekstrarkostnaður.....	69.178.238	343.866	69.522.104	87.495.203	343.866	87.839.069
Afskriftir.....	9.361.085	0	9.361.085	27.124.800	0	27.124.800
	<u>185.953.720</u>	<u>128.690</u>	<u>186.082.410</u>	<u>242.847.416</u>	<u>128.690</u>	<u>242.976.105</u>
Rekstrarniðurstaða án fjármagnsliða.....	5.387.298	359.163	5.746.461	29.295.414	359.163	29.654.577
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld).....	(5.096.229)	(0)	(5.096.229)	(25.830.514)	(0)	(25.830.514)
Rekstrarniðurstaða fyrir skatta.....	291.069	359.163	650.232	3.464.900	359.163	3.824.063
Tekjuskattur.....	0	0	0	(884.403)	0	(884.403)
Matsbreyting fjárfestingaeigna.....	0	0	0	5.260.914	0	5.260.914
Hlutdeild í afkomu hlutdeildarféлага.....	0	0	0	(531.256)	0	(531.256)
Rekstrarniðurstaða.....	<u>291.069</u>	<u>359.163</u>	<u>650.232</u>	<u>7.310.155</u>	<u>359.163</u>	<u>7.669.318</u>

Skýringar með ársreikningi

40. Samanburður sjóðstreymisáætlana.

Í neðangreindu yfirliti er gerð grein fyrir sjóðstreymisáætlun fyrir árið 2024, samkvæmt upphaflega samþykktri fjárhagsáætlun sveitarfélagsins, samþykktum viðaukum og fjárhagsáætlun með viðaukum. Fjárhagsáætlun með viðaukum er birt í sjóðstreymisyfirliti og öðrum skýringum ársreikningsins til samanburðar við rauntölur ársins.

	A-hluti			A- og B-hluti		
	Upphafleg fjárhags- áætlun	Viðaukar við fjárhags- áætlun	Fjárhags- áætlun með viðaukum	Upphafleg fjárhags- áætlun	Viðaukar við fjárhags- áætlun	Fjárhags- áætlun með viðaukum
Rekstrarhreyfingar						
Niðurstaða ársins.....	291.069	359.163	650.232	7.310.155	359.163	7.669.318
Liðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:						
Söluhagnaður eigna	(6.200.000)	0	(6.200.000)	(6.200.000)	0	(6.200.000)
Afskriftir	9.361.085	0	9.361.085	27.124.800	0	27.124.800
Verðbætur, afföll og gengismunur	5.515.611	0	5.515.611	13.874.619	0	13.874.619
Innbyggðar afleiður, breyting	0	0	0	(737.530)	0	(737.530)
Matsbreyting fjárfestingaeigna	0	0	0	(5.260.914)	0	(5.260.914)
Áhrif dótturfélaga og hlutd. minnihluta	0	0	0	531.256	0	531.256
Breyting lífeyrisskuldbindingar	2.650.000	(550.000)	2.100.000	2.650.000	(550.000)	2.100.000
Fyrirframgreitt framlag til Brúar Isj, breyting	385.156	0	385.156	404.334	0	404.334
Breyting tekjuskattsskuldbindingar	0	0	0	(1.083.018)	0	(1.083.018)
Veltufé frá rekstri (til rekstrar)	12.002.921	(190.837)	11.812.084	38.613.701	(190.837)	38.422.865
 Breytingar á rekstrart. eignum og skuldum:						
Birgðir, lækkun (hækkun).....	0	0	0	(4.535)	0	(4.535)
Óinnheimtar tekjur, lækkun (hækkun).....	0	0	0	5.206.108	0	5.206.108
Aðrar skammtímakr. lækkun (hækkun).....	(92.430)	(0)	(92.430)	501.498	(0)	501.498
Skammtímaskuldir, hækkun (lækkun).....	(1.730.000)	(0)	(1.730.000)	(1.730.000)	(0)	(1.730.000)
Breytingar á rekstrart. eignum og skuldum	(1.822.430)	(0)	(1.822.430)	3.973.071	(0)	3.973.071
Handbært fé frá rekstri (til rekstrar)	10.180.491	(190.837)	9.989.654	42.586.773	(190.837)	42.395.936
 Fjárfestingarhreyfingar						
Fjárf. í varanl. rekstrarfjármunum	(20.832.000)	(23.000)	(20.855.000)	(74.790.894)	(23.000)	(74.813.894)
Fjárfesting í fjárfestingaeignum	0	0	0	(6.492.839)	0	(6.492.839)
Fjárfesting í óefnislegum eignum	(1.935.000)	23.000	(1.912.000)	(2.661.960)	23.000	(2.638.960)
Innborguð gatnagerðargjöld	2.000.000	0	2.000.000	2.000.000	0	2.000.000
Sala byggingaréttar	4.000.000	0	4.000.000	4.000.000	0	4.000.000
Söluverð seldra rekstrarfjármuna	3.857.801	0	3.857.801	3.924.801	0	3.924.801
Breyting á eignarhlutum	(2.145.942)	0	(2.145.942)	(1.751.808)	0	(1.751.808)
Skammtímalíðir vegna fjárfestinga	0	0	0	(121.083)	0	(121.083)
Langtímakröfur, breyting	0	0	0	28.444	0	28.444
Fjárfestingarhreyfingar	(15.055.141)	0	(15.055.141)	(75.865.340)	0	(75.865.340)
 Fjármögnunarhreyfingar						
Stofnframlög frá ríki	0	0	0	1.390.837	0	1.390.837
Tekin ný langtímalán	16.500.000	0	16.500.000	47.506.219	0	47.506.219
Afborganir langtímalána	(11.532.124)	0	(11.532.124)	(36.414.592)	0	(36.414.592)
Afborganir leiguskulda	(1.501.775)	0	(1.501.775)	(1.501.775)	0	(1.501.775)
Innborgað stofnfé	0	0	0	25.442.350	0	25.442.350
Skammtímafjármögnun, breyting	0	0	0	2.659	0	2.659
Greiddur arður	0	0	0	(387.663)	0	(387.663)
Fjármögnunarhreyfingar	3.466.101	0	3.466.101	36.038.034	0	36.038.034
 Hækkun (lækkun) á handbæru fé.....	(1.408.549)	(190.837)	(1.599.386)	2.759.467	(190.837)	2.568.630
Handbært fé í ársbyrjun.....	12.316.614	0	12.316.614	22.853.215	0	22.853.215
Áhrif gengisbreyt. á handbært fé.....	0	0	0	0	0	0
Handbært fé í árslok.....	10.908.065	(190.837)	10.717.228	25.612.682	(190.837)	25.421.845

Skýringar með ársreikningi

Reikningsskilaaðferðir

41. Innlausn tekna

Skatttekjur eru færðar til tekna við álagningu þeirra, en til lækkunar er færð reiknuð niðurfærsla vegna óinnheimtra skatttekna. Skatttekjur eru útsvar, fasteignaskattar og framlag úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, auk annarra tekna sem hafa ígildi skatta, svo sem lóðarleiga.

Framlög til stofnkostnaðar og innheimt gjöld vegna framkvæmda eru færð til lækkunar á framkvæmdakostnaði og koma til lækkunar á gjaldfærðum afskriftum á nýtingartíma fjárfestingarinnar. Tekjur af sölu vöru og þjónustu eru almennt færðar þegar afhending hefur farið fram og kröfuréttur myndast. Sama á við um styrki.

Vaxtatekjur eru færðar til tekna í samræmi við skilmála vaxtaberandi krafna. Arðstekjur eru færðar til tekna þegar réttur til þeirra hefur myndast.

Hagnaður eða tap af sölu varanlegra rekstrarfjármuna er reiknað sem mismunur söluverðs og bókfærðs verðs og er fært í rekstrarreikning á meðal rekstrartekna eða -gjalda, eftir því sem við á.

42. Lotun gjalda

Útgjöld eru færð í ársreikninginn á því tímabili sem til þeirra er stofnað og kröfuréttur seljanda hefur myndast.

43. Verðlags- og gengisviðmið

Eignir og skuldir, sem bundnar eru verðlagsvísitölu eða gengi erlendra gjaldmiðla, eru færðar í ársreikninginn miðað við verðlag eða gengi í lok árs. Verðbætur og gengismunur sem myndast, er færður í rekstrarreikning.

44. Óefnislegar eignir

Hitaréttindi eru færð til eignar í efnahagsreikningi sem óefnisleg eign á afskrifuðu kostnaðarverði. Hitaréttindi eru aðskilin frá landi við kaup. Undirbúningskostnaður er eignfærður í efnahagsreikningi sem óefnisleg eign, ef ásættanlegar líkur eru á því að verkefnið skili tekjum síðar. Kostnaðurinn er færður til gjalda á áætluðum nýtingartíma. Aðrar óefnislegar eignir eru metnar á kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisryrnun. Áætlaður nýtingartími óefnislegra eigna greinist þannig:

Hugbúnaður.....	5-7 ár
Orkuveitan, hitaréttindi.....	100 ár

45. Eignfærsla varanlegra rekstrarfjármuna

Varanlegir rekstrarfjármunir, aðrir en lóðir og lendur sem sveitarfélagið hefur leigutekjur af, eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum, sem miðaðar eru við áætlaðan nýtingartíma þeirra. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði þeirra og þeim kostnaði sem hlýst af öflun þeirra og endurbótum. Hjá A-hluta eru kaup á áhöldum og tækjum undir 3,5 m.kr. gjaldfærð með þeirri undantekningu, að skráningaskyld tæki eru eignfærð.

Leigðar eignir eru fasteignir sem sveitarfélagið leigir til sín samkvæmt leigusamningum, sem eru að lágmarki til þriggja ára og eru ekki uppsegjanlegir af hálfu sveitarfélagsins innan árs frá upphafsdegi leigusamnings.

Kostnaðarverð leigðrar eignar telst vera gangverð hinnar leigðu eignar á samningsdegi eða núvirði lágmarksleigugreiðslna leigusamnings, sé það lægra.

Lóðir og lendur sem sveitarfélagið hefur leigutekjur af, eru færðar á gangverði eða núvirði framtíðartekna samkvæmt fyrirbyggjandi leigusamningum, sé það lægra. Lóðir og lendur eru endurmetnar með reglubundnum hætti. Endurmat lóða og lendna er fært á eiginfjárreikning.

Dreifikerfi og framleiðslukerfi Orkuveitu Reykjavíkur og varanlegir rekstrarfjármunir Íþróttar- og sýningarhallarinnar hf. eru skráðir á endurmetnu verði í efnahagsreikningi A- og B-hluta, sem er gangvirði þeirra á endurmatsdegi, að frádregnum afskriftum frá þeim tíma. Endurmat þessara eigna er framkvæmt með reglubundnum hætti. Allar verðmatshækkunarir vegna þessa endurmats eru færðar yfir á eigið fé. Afskriftir af endurmetna verðinu eru færðar í rekstrarreikning.

Skýringar með ársreikningi

45. Eignfærsla varanlegra rekstrarfjármuna, framh:

Fjárfestingaeignir eru fasteignir Félagsbústaða hf., sem eru í eigu félagsins til að afla leigutekna. Fjárfestingaeignir eru færðar á gangverði í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS). Við mat á fjárfestingaeignum er stuðst við fasteignamat Þjóðskrár Íslands. Samkvæmt upplýsingum frá Þjóðskrár er fasteignamat gangverð, sem ætla má að eign hefði haft í kaupum og sölum. Matið er gert í maímánuði ár hvert og miðast við verðlag í febrúar. Hið nýreiknaða mat tekur gildi í árslok. Fasteignamat tekur bæði til húss og lóðar og skiptist í húsmat og lóðarmat. Fasteignamatið er framreiknað með vísitölu íbúðarverðs til ársloka. Fasteignamatið er þó leiðrétt vegna kvaða, sem á eignunum kann að hvíla. Breytingar á mati fjárfestingaeigna eru færðar undir liðnum matsbreyting fjárfestingaeigna í rekstrarreikning. Fjárfestingaeignir eru ekki afskrifaðar.

46. Fjármálagerningar

Fjármálagerningur er flokkaður sem fjáreign eða fjárskuld á gangvirði gegnum rekstrarreikning, sé hann veltufjáreign eða veltufjárskuld eða ef hann er tilgreindur sem fjármálagerningur á gangvirði gegnum rekstrarreikning við upphaflega skráningu í bókhald. Fjáreignir og fjárskuldir á gangvirði gegnum rekstrarreikning hjá Orkuveitu Reykjavíkur eru færðar á gangvirði í efnahagsreikning. Gangvirðisbreytingar eru færðar í rekstrarreikning.

Innbyggðar afleiður eru aðskildar frá grunnsamningum og færðar sérstaklega þegar efnahagsleg einkenni og áhætta grunnsamningsins og innbyggðar afleiðu eru ekki nátengd, annar gerningur með sömu ákvæði og innbyggða afleiðan væri skilgreindur sem afleiðusamningur og blandaði gerningurinn er ekki metinn á gangvirði gegnum rekstrarreikning. Orkuveita Reykjavíkur notar afleiðusamninga til að verjast gjaldmiðla-, vaxta- og álverðsáhættu. Afleiðusamningar eru færðir á gangvirði í efnahagsreikning og gangvirðisbreytingar færðar í rekstrarreikning.

47. Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna annarra en leigðra eigna

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma eigna, þar til niðurlagsverði er náð. Almenn er miðað við að niðurlagsverð svari til eins árs afskriftar, þó að hámarki 10% af stofnverði. Lóðir og lendur sem sveitarfélagið hefur leigutekjur af, eru ekki afskrifaðar. Áætlaður nýtingartími rekstrarfjármuna greinist þannig:

Byggingar, skrifstofu- og skólahúsnæði.....	25-50 ár
Aðrar byggingar.....	25-50 ár
Lóðir og lönd vegna skipulags	25 ár
Gatnakerfi.....	25 ár
Orkuveitan, dreifikerfi.....	9-90 ár
Orkuveitan, framleiðsla.....	7-60 ár
Bílfreiðar, áhöld og tæki.....	3-25 ár

48. Afskriftir leigðra eigna

Afskriftir leigðra eigna eru reiknaðar sem fastur hundraðshluti miðað við leigutíma eða áætlaðan nýtingartíma, sé hann styttri. Sé ljóst að sveitarfélagið eignist hina leigðu eign í lok leigutíma, er miðað við nýtingartíma viðkomandi eignar. Áætlaður nýtingartími leigueigna greinist þannig:

Fasteignir.....	2-26 ár
Lóðir.....	10-99 ár

49. Stofnframlög og eignarhlutir í félögum

Stofnframlög samkvæmt lögum nr. 52/2016, lög um almennar íbúðir, sem sveitarfélögum er heimilt að veita til byggingar og kaupa á almennum íbúðum, til að stuðla að því að í boði verði leiguíbúðir á viðráðanlegu verði, eru eignfærð á kostnaðarverði, ef krafist hefur verið endurgreiðslu þeirra. Ef ekki er krafist endurgreiðslu þeirra, eru þau gjaldfærð við greiðslu.

Í ársreikningi A-hluta eru eignarhlutir í félögum, byggðasamlögum og eigin fyrirtækjum færðir á kostnaðarverði, en bókfært verð í árslok 2001 er þó óbreytt í ársreikningnum. Í ársreikningi A-hluta er fyrst og fremst verið að draga fram ráðstöfun skatttekna og er því ekki færð hlutdeild í afkomu félaga. Framlög A-hluta til reksturs byggðasamlaga teljast hluti kostnaðar viðeigandi málaflokks.

Skýringar með ársreikningi

49. Stofnframlög og eignarhlutir í félögum, framh:

Í samanteknum ársreikningi A- og B-hluta eru eignarhlutir í hlutdeildarfélögum færðir samkvæmt hlutdeildaraðferð. Í hlutdeildaraðferð felst að hlutdeild borgarinnar í afkomu og eigin fé hlutdeildarfélaga er færð í ársreikninginn. Gangvirði eignarhluta sem flokkaðir eru sem fjáreignir til sölu, er ákvarðað með viðurkenndum matsaðferðum, nema í þeim tilvikum sem stuðst er við verð í nýlegum viðskiptum. Aðrir eignarhlutir eru færðir á kostnaðarverði.

Niðurfærsla eignarhluta í félögum, sem hafa orðið fyrir virðisrýrnun, er reiknuð og færð í ársreikninginn, að undangengnu mati.

Í samanteknum ársreikningi A- og B-hluta eru eignarhlutir í hlutdeildarfélögum færðir samkvæmt hlutdeildaraðferð. Í hlutdeildaraðferð felst að hlutdeild borgarinnar í afkomu og eigin fé hlutdeildarfélaga er færð í ársreikninginn. Gangvirði eignarhluta sem flokkaðir eru sem fjáreignir til sölu, er ákvarðað með viðurkenndum matsaðferðum, nema í þeim tilvikum sem stuðst er við verð í nýlegum viðskiptum. Aðrir eignarhlutir eru færðir á kostnaðarverði.

Niðurfærsla eignarhluta í félögum, sem hafa orðið fyrir virðisrýrnun, er reiknuð og færð í ársreikninginn, að undangengnu mati.

50. Fyrirframgreiddur kostnaður

Fyrirframgreiddur kostnaður vegna uppgjörs við Brú lífeyrissjóð, samanber lög nr. 127/2016, skiptist í framlag í lífeyrisaukasjóð, sem gjaldfærist á 30 árum og framlag í varúðarsjóð, sem gjaldfærist á 20 árum frá 1. júlí 2017 að telja.

51. Langtímakröfur

Langtímakröfur eru færðar til eignar í samræmi við lánað kjör að teknu tilliti til niðurfærslu. Næsta árs- og gjaldfallnar afborganir langtímakrafna eru færðar í efnahagsreikningi á meðal veltufjármuna.

52. Niðurfærslur krafna

Langtímakröfur, óinnheimtar skatttekjur og aðrar útistandandi skammtímakröfur hafa verið metnar með tilliti til tapsáhættu og eru niðurfærðar með óbeinni afskrift í ársreikningi. Ekki er hér um endanlega afskrift að ræða, heldur er myndaður mótveikningur sem mæta á þeim kröfum sem kunna að tapast. Breyting á niðurfærslu sem þannig er ákveðin, að teknu tilliti til endanlegra tapaðra krafna, er færð í rekstrarreikning.

53. Birgðir

Vörubirgðir eru metnar á kostnaðarverði eða dagvirði, sé það lægra.

54. Skammtímakröfur

Skammtímakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til gengismunar og áfallinna vaxta, ef um vaxtaberandi kröfur er að ræða. Kröfurnar eru niðurfærðar til þess að mæta vanhöldum við innheimtu þeirra.

55. Handbært fé

Sjóður, bankainnstæður og markaðsverðbréf teljast til handbærs fjár.

56. Skuldbindingar

Skuldbinding vegna lífeyrisréttinda starfsmanna borgarinnar er færð sem skuldbinding í efnahagsreikningi samkvæmt tryggingafræðilegu mati. Breyting á skuldbindingunni er færð í rekstrarreikning. Áætlaðar næsta árs greiðslur vegna lífeyrisskuldbindinga eru færðar meðal skammtímaskulda. Sjá nánar í skýringu nr. 24.

Skýringar með ársreikningi

57. Tekjuskattsskuldbinding og tekjuskattseign

Tekjuskattsskuldbinding og tekjuskattseign þeirra fyrirtækja í B-hluta sem eru tekjuskattsskyld er reiknuð og færð í ársreikninginn, en hún stafar af mismun í skattauppgjöri annars vegar og ársreikningi hins vegar. Mismunurinn stafar af því að tekjuskattsstofn félaganna er miðaður við aðrar forsendur en reikningsskil þeirra.

Útreikningur á tekjuskattseign og tekjuskattsskuldbindingu byggir á því skatthlutfalli sem vænst er að verði í gildi þegar tímabundnir mismunir koma til með að snúast við, miðað við gildandi lög á uppgjörssdegi.

Samkvæmt gildandi skattalöggjöf er yfirfæranlegt skattalegt tap nýtanlegt á móti skattskyldum hagnaði í 10 ár frá því það myndast. Lagt hefur verið mat á nýtingu yfirfæranlegs skattalegs taps og áætlanir gerðar um skattskyldan hagnað á næstu árum. Tekjuskattseign vegna yfirfæranlegs taps er færð upp að því marki sem talið er að það nýtist.

58. Langtímaskuldir

Langtímaskuldir eru færðar í efnahagsreikning í lok árs eins og lánað segja til um. Næsta árs afborganir eru færðar meðal skammtímaskulda.

59. Leiguskuldir

Við upphaflega skráningu skuldbindingar vegna leigusamninga er leiguskuld færð á gangvirði hinnar leigðu eignar eða núvirði lágmarksgreiðslna leigusamnings, sé það lægra. Lágmarksleigugreiðslum er skipt í vaxtagjöld og afborganir af eftirstöðvum skulda. Vaxtagjöldunum er dreift á leigutímann miðað við virka vexti.

Lágmarksleigugreiðslur eru þær greiðslur á samningstíma sem leigutaka er skylt að greiða, að undanskilinni skilyrtri leigu, sem og viðhaldi, þjónustukostnaði, tryggingum og sköttum, sem leigusali greiðir.

Við útreikning á núvirði lágmarksleigugreiðslu er miðað við ávöxtunarkröfu leigusala, ef gerlegt er að ákvarða hana, en ef ekki, er miðað við lánað sveitarfélagsins af nýju fjármagni á þeim tíma sem samningur er gerður.

60. Fjárhagsáætlun

Fjárhagsáætlun með viðaukum er hluti ársreikningsins og er birt í rekstrarreikningi, sjóðstreymisfirliti og skýringum.

61. Sjóðstreymisfirlit

Í fjárfestingarhreyfingum í sjóðstreymisfirliti er færð sú fjárfesting, sem hefur áhrif á handbært fé.

Skýringar með ársreikningi

62. Lykiltölur

Yfirlit um lykiltölur:

Í hlutfalli við rekstrartekjur:

	A-hluti		A- og B-hluti	
	Ársreikningur	Fjárhagsáætlun	Ársreikningur	Fjárhagsáætlun
	2024	með viðaukum	2024	með viðaukum
	2024	2024	2024	2024
Útsvar	59,3%	60,9%	41,6%	42,8%
Fasteignaskattar	15,1%	15,4%	10,3%	10,5%
Skatttekjur samtals	74,4%	76,2%	51,9%	53,3%
Framlög Jöfnunarsjóðs	8,7%	8,3%	6,1%	5,8%
Aðrar tekjur	16,8%	15,5%	42,0%	40,9%
Rekstrartekjur samtals	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%
Laun og launatengd gjöld	53,8%	54,8%	44,6%	46,2%
(Lækkun) hækkun lífeyrisskuldbindinga	(0,4%)	1,1%	(0,3%)	0,8%
Annar rekstrarkostnaður	37,3%	36,2%	33,0%	32,2%
Rekstrargjöld samtals	90,7%	92,1%	77,3%	79,2%
Framlegð (EBITDA)	9,3%	7,9%	22,7%	20,8%
Afskriftir	4,9%	4,9%	10,0%	9,9%
Rekstrarniðurstaða fyrir fjárm.tekjur (-gjöld)	4,4%	3,0%	12,7%	10,9%
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	(2,0%)	(2,7%)	(9,4%)	(9,5%)
Tekjuskattur	0,0%	0,0%	(0,2%)	(0,3%)
Matsbreyting fjárfestingaæigna	0,0%	0,0%	1,0%	1,9%
Áhrif hlutdeildarfélaganna og dótturfélaganna	0,0%	0,0%	(0,0%)	0,0%
Rekstrarniðurstaða	2,4%	0,3%	4,1%	3,0%
Veltufé frá rekstri	6,3%	6,2%	14,5%	14,1%
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum	(10,7%)	(11,9%)	(20,9%)	(30,8%)
Heildarskuldir og skuldbindingar	104,7%	-	189,2%	-

Í þúsundum kr. á íbúa:

Rekstur:

Skatttekjur	992	1.002	986	996
Framlög Jöfnunarsjóðs	116	109	116	109
Aðrar tekjur	224	204	799	764
Rekstrartekjur samtals	1.332	1.315	1.901	1.868
Laun og launatengd gjöld	(717)	(720)	(847)	(863)
Lækkun (hækkun) lífeyrisskuldb. LsRb	6	(14)	5	(14)
Annar rekstrarkostnaður og afskriftir	(562)	(541)	(818)	(788)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	(26)	(35)	(178)	(177)
Annað	0	0	14	30
Rekstrarniðurstaða	33	4	77	56

Sjóðstreymi:

Veltufé frá rekstri	84	81	276	263
Handbært fé frá rekstri	74	68	272	291

	A-hluti		A- og B-hluti	
	31.12.2023	31.12.2022	31.12.2023	31.12.2022
Aðrar lykiltölur:				
Veltufjárhlutfall - veltufjármunir/skammtímask.	1,06	0,94	1,18	1,09
Eiginfjárhlutfall - eigið fé/heildarfjármagn	0,30	0,29	0,46	0,47
Íbúafjöldi, (heimild: Þjóðskrá):	2024	2023	2022	2021
Íbúafjöldi 1. desember	145.931	143.383	139.582	135.681
Breyting frá fyrra ári	2.548	3.801	3.901	2.500

Skýringar með ársreikningi

63. Lykiltölur A-hluta

Yfirlit um lykiltölur A-hluta síðustu fimm ár:	Áætlun með viðaukum		Ársreikningar			
	2024	2024	2023	2022	2021	2020
Rekstrarjöfnuður síðustu þriggja ára í millj. kr.	-	(15.828)	(24.423)	(25.297)	(8.335)	241
Skuldaviðmið.....	-	77%	82%	77%	61%	56%
Heildarskuldir og skuldbind. - skuldahlutfall	-	105%	113%	112%	102%	96%
Langtímaskuldir og skuldbindingar						
í hlutfalli við veltufé frá rekstri (árafjöldi)	14,61	13,98	14,02	(163,31)	98,73	25,68
Eiginfjárhlutfall - eigið fé/heildarfjármagn	28%	30%	29%	32%	39%	43%
Veltufé frá rekstri í hlutfalli við afborg. skulda	0,91	0,92	1,68	(0,17)	0,32	1,41
Veltufjárhlutfall - veltufjármunir/skammtímask.	0,98	1,06	0,94	1,07	1,45	1,28
Í hlutfalli við rekstrartekjur:						
Skatttekjur	76,2%	74,4%	76,7%	75,9%	77,7%	79,9%
Framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga	8,3%	8,7%	7,6%	6,8%	6,2%	6,2%
Aðrar tekjur	15,5%	16,8%	15,7%	17,3%	16,2%	13,9%
Rekstrartekjur samtals	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%
Laun og launatengd gjöld	54,8%	53,8%	55,7%	58,6%	59,6%	59,3%
Hækkun (lækkun) lífeyrisskuldbindinga	1,1%	(0,4%)	2,1%	3,5%	(0,1%)	2,6%
Annar rekstrarkostnaður	36,2%	37,3%	37,7%	39,3%	37,7%	38,1%
Afskriftir	4,9%	4,9%	5,0%	4,9%	4,6%	4,6%
Rekstrargjöld samtals	97,0%	95,6%	100,5%	106,3%	101,8%	104,6%
Rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði	3,0%	4,4%	(0,5%)	(6,3%)	(1,8%)	(4,6%)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	(2,7%)	(2,0%)	(2,3%)	(3,7%)	(1,0%)	0,1%
Rekstrarniðurstaða, (neikvæð)	0,3%	2,5%	(2,8%)	(10,0%)	(2,7%)	(4,5%)
Framlegð (EBITDA)	7,9%	9,3%	4,5%	-1,4%	2,8%	0,0%
Veltufé frá rekstri	6,2%	6,3%	6,5%	(0,6%)	0,9%	3,1%
Fjárfesting í varanl. og óefnisl. rekstrarfjámunum	(11,9%)	(10,7%)	(14,6%)	(16,8%)	(12,9%)	(11,4%)
Í þúsundum kr. á íbúa:						
Rekstur:						
Skatttekjur	1.002	992	944	850	814	772
Framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga	109	116	93	76	65	60
Aðrar tekjur	204	224	193	194	170	134
Rekstrartekjur samtals	1.315	1.332	1.230	1.119	1.049	966
Laun og launatengd gjöld	(720)	(717)	(685)	(656)	(625)	(573)
(Hækkun) lækkun lífeyrisskuldbindinga	(14)	6	(26)	(39)	2	(25)
Annar rekstrarkostnaður og afskriftir	(541)	(562)	(524)	(495)	(444)	(413)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	(35)	(26)	(29)	(41)	(10)	1
Rekstrarniðurstaða, (neikvæð)	4	33	(35)	(111)	(28)	(44)
Sjóðstreymi:						
Veltufé frá rekstri	81	84	80	(6)	9	30
Handbært fé frá rekstri	68	74	68	(16)	(26)	(3)
Fjárfesting í varanl. og óefnisl. rekstrarfjámunum	(156)	(142)	(180)	(188)	(135)	(110)
Efnahagur:						
Eignir	1.994	2.002	1.951	1.842	1.743	1.619
Eigið fé	566	607	567	592	677	689
Skuldir	1.428	1.395	1.384	1.250	1.066	929
Álagningarhlutföll:						
Útsvar	14,97%	14,97%	14,74%	14,52%	14,52%	14,52%
Fasteignaskattur, A-flokkur	0,18%	0,18%	0,18%	0,18%	0,18%	0,18%
Fasteignaskattur, B-flokkur	1,32%	1,32%	1,32%	1,32%	1,32%	1,32%
Fasteignaskattur, C-flokkur	1,60%	1,60%	1,60%	1,60%	1,60%	1,65%
Íbúafjöldi, (heimild: Þjóðskrá):						
Íbúafjöldi 1. desember	145.931	145.931	143.383	139.582	135.681	133.181
Breyting frá fyrra ári		2.548	3.801	3.901	2.500	2.035
Hlutfallsleg breyting frá fyrra ári		1,8%	2,7%	2,9%	1,9%	1,6%

Skýringar með ársreikningi

64. Lykiltölur A- og B-hluta

Yfirlit um lykiltölur A- og B-hluta síðustu fimm ár:

Fjárhagsleg viðmið sveitarstjórnarlaga án OR*

Rekstrarjöfnuður síðustu þriggja ára í millj. kr.	-
Skuldaviðmið.....	-
Heildarskuldir og skuldbind. - skuldahlutfall	-

Aðrar lykiltölur:

Langtímaskuldir og skuldbindingar	
í hlutfalli við veltufé frá rekstri (árafjöldi)	11,58
Eiginfjárhlutfall - eigið fé/heildarfjármagn	46%
Veltufé frá rekstri í hlutfalli við afborg. skulda	1,01
Veltufjárhlutfall - veltufjármunir/skammtímask.	1,15

Í hlutfalli við rekstrartekjur:

Skatttekjur	53,3%
Framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga	5,8%
Aðrar tekjur	40,9%
Rekstrartekjur samtals	100,0%

Laun og launatengd gjöld	46,2%
Hækkun (lækkun) lífeyrisskuldbindinga	0,8%
Annar rekstrarkostnaður	32,2%
Afskriftir	9,9%
Rekstrargjöld samtals	89,1%
Rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði	10,9%
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	(9,5%)
Annað	1,6%
Rekstrarniðurstaða, (neikvæð)	3,0%

Framlegð (EBITDA)	20,8%
Veltufé frá rekstri	14,1%
Fjárfesting í varanl. og óefnisl. rekstrarfjámunum	(30,8%)

Í þúsundum kr. á íbúa:

Rekstur:

Skatttekjur	996
Framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga	109
Aðrar tekjur	764
Rekstrartekjur samtals	1.868
Laun og launatengd gjöld	(863)
(Hækkun) lækkun lífeyrisskuldbindinga	(14)
Annar rekstrarkostnaður og afskriftir	(788)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	(177)
Annað	30
Rekstrarniðurstaða, (neikvæð)	56

Sjóðstreymi:

Veltufé frá rekstri	263
Handbært fé frá rekstri	291
Fjárfesting í varanl. og óefnisl. rekstrarfjámunum	(575)

Efnahagur:

Eignir	6.642
Eigið fé	3.030
Skuldir	3.536

Álagningarhlutföll:

Útsvar	14,97%
Fasteignaskattur, A-flokkur	0,18%
Fasteignaskattur, B-flokkur	1,32%
Fasteignaskattur, C-flokkur	1,60%

Íbúafjöldi, (heimild: Þjóðskrá):

Íbúafjöldi 1. desember	145.931
Breyting frá fyrra ári	2.548
Hlutfallsleg breyting frá fyrra ári	1,8%


Áætlun með viðaukum	Ársreikningar				
2024	2024	2023	2022	2021	2020
-	3.952	10.095	9.091	13.972	8.778
-	104%	110%	107%	93%	89%
-	132%	142%	143%	136%	129%
11,58	11,32	11,89	14,44	14,22	12,73
46%	46,4%	46,9%	48,8%	48,5%	46,9%
1,01	1,24	1,08	1,14	0,94	1,27
1,15	1,18	1,09	1,14	1,44	1,26
53,3%	51,9%	53,5%	52,8%	54,2%	54,9%
5,8%	6,1%	5,3%	4,7%	4,3%	4,3%
40,9%	42,0%	41,2%	42,5%	41,5%	40,8%
100,0%	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%
46,2%	44,6%	46,0%	47,6%	48,5%	48,2%
0,8%	(0,3%)	1,6%	2,5%	(0,1%)	1,8%
32,2%	33,0%	33,4%	32,6%	30,9%	32,3%
9,9%	10,0%	10,3%	10,5%	10,4%	10,8%
89,1%	87,3%	91,4%	93,2%	89,7%	93,2%
10,9%	12,7%	8,6%	6,8%	10,3%	6,8%
(9,5%)	(9,4%)	(11,7%)	(12,4%)	(6,4%)	(9,0%)
1,6%	0,8%	1,9%	8,5%	8,1%	0,8%
3,0%	4,1%	(1,2%)	2,9%	11,9%	(1,4%)
20,8%	22,7%	18,9%	17,3%	20,7%	17,6%
14,1%	14,5%	14,2%	11,8%	12,1%	13,9%
(30,8%)	(20,9%)	(23,8%)	(22,8%)	(20,0%)	(21,7%)
996	986	938	845	809	767
109	116	93	76	65	60
764	799	723	680	619	571
1.868	1.901	1.755	1.601	1.493	1.398
(863)	(847)	(808)	(762)	(725)	(674)
(14)	5	(28)	(40)	1	(25)
(788)	(818)	(768)	(691)	(617)	(603)
(177)	(178)	(205)	(198)	(95)	(126)
30	14	33	136	120	12
56	77	(21)	46	178	(19)
263	276	249	190	181	194
291	272	236	155	163	160
(575)	(398)	(418)	(364)	(298)	(304)
6.642	6.707	6.503	6.233	5.827	5.412
3.030	3.110	3.048	3.043	2.825	2.536
3.536	3.597	3.454	3.190	3.002	2.876
14,97%	14,97%	14,74%	14,52%	14,52%	14,52%
0,18%	0,18%	0,18%	0,18%	0,18%	0,18%
1,32%	1,32%	1,32%	1,32%	1,32%	1,32%
1,60%	1,60%	1,60%	1,60%	1,60%	1,65%
145.931	145.931	143.383	139.582	135.681	133.181
	2.548	3.801	3.901	2.500	2.035
	1,8%	2,7%	2,9%	1,9%	1,6%

* Með 13. gr. laga nr. 25/2020 og 2. gr. laga nr. 22/2021 hefur Alþingi vikið til hliðar fjármálareglum sveitarf. í ákv. 64. gr. sveitarstj.laga til loka árs 2025. Undanskilja skal veitu- og orkufyrirtæki við útreikning á jafnvægis- og skuldaviðmiði til ársloka 2029 samanber reglugerð 1195/2024. Samanburðartölur hafa verið uppfærðar með tilliti til gildandi laga og reglugerða.

Yfirlýsing um stjórnarhætti og ófjárhagslegar upplýsingar

Borgarstjórn Reykjavíkur leggur áherslu á að viðhalda góðum stjórnarháttum. Um stjórnarhætti sveitarfélagsins gilda ákvæði sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 með síðari breytingum og samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar nr. 1020/2019, með síðari breytingum og viðaukum. Reykjavíkurborg er með skráð skuldaþréf í kauphöll og lýtur því reglum fyrir útgefendur fjármálagerninga, sem Kauphöll Íslands gefur út.

Framsetning stjórnarháttayfirlýsingar 2024 er með hliðsjón af Leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrir-tækja sem gefnar voru út af Viðskiptaráði Íslands, Nasdaq Iceland hf. og Samtökum atvinnulífsins í maí 2015. Reykjavíkurborg vísar þó að hluta frá leiðbeiningunum einkum þar sem efnistöð eiga ekki við um sveitarfélög.



Hlutverk Reykjavíkurborgar

Hlutverk Reykjavíkurborgar er að veita íbúum Reykjavíkur góða þjónustu með sem hagkvæm-ustum hætti og leggja grunn að auknum lífsgæðum borgarbúa til lengri og skemmri tíma. Samkvæmt sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011 eru sveitarfélög sjálfstæð stjórnvöld, sem stjórnað er af lýðræðislega kjörnum sveitarstjórnnum í umboði íbúa sveitarfélagsins. Sveitarfélagið sinnir þeim verkefnum sem því er falið lögum samkvæmt, m.a. varðandi fræðslu- og uppeldismál, félagsþjónustu, æskulýðs- og íþróttamál, menningarmál, hreinlætis-mál, skipulagsmál og umhverfismál. Jafnframt fylgir það kröfum sem gilda um starfsemi þess í öðrum lögum, s.s. stjórnsýslulögum, lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla og lögum um opinber innkaup.

Í B-hluta Reykjavíkurborgar er veitt þjónusta til fyrirtækja og einstaklinga meðal annars á sviði veitna, hafna, félagslegs húsnæðis, sorpvinnslu, brunavarna og almenningssamganga.

Engin veruleg frávik hafa verið greind af hálfu opinberra eftirlitsaðila eða endurskoðenda hvað varðar starfsemi sveitarfélagsins, sem tengist umhverfis-, félags- og starfsmannamálum, mannréttindamálum eða spillingar- og mútumálum.

Lög, reglur og tilmæli


Reykjavíkurborg starfar á grundvelli sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Um skyldur borgarinnar gilda að auki lög og reglugerðir um starfsemi hennar og þjónustu einstaka málaflokka. Yfirlit yfir lögmæt verkefni sveitarfélaga og tilvísanir í viðeigandi lög er að finna á [vef Stjórnarráðsins](#).

Reykjavíkurborg hefur sett sér samþykktir og innri reglur almennt um stjórn borgar og eftir málaflokkum, sem er að finna á [heimasíðu Reykjavíkurborgar](#), www.reykjavik.is. Helstu samþykktir og innri reglur eru eftirfarandi:

- Samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar ásamt viðaukum
- Samþykkt menningar-, íþrótt- og tómstundaráðs
- Samþykkt mannréttinda-, og ofbeldisvarnarráðs
- Samþykkt skóla- og frístundaráðs
- Samþykkt stafræns ráðs
- Samþykkt umhverfis- og skipulagsráðs
- Samþykkt velferðarráðs
- Samþykkt um kjör og starfsaðstöðu kjörinna fulltrúa
- Reglur um skráningu á fjárhagslegum hagsmunum borgarfulltrúa og trúnaðarstörfum utan borgarstjórnar
- Siðareglur kjörinna fulltrúa hjá Reykjavíkurborg
- Siðareglur starfsmanna Reykjavíkurborgar
- Reglur um styrkveitingar Reykjavíkurborgar
- Innkaupareglur Reykjavíkurborgar
- Reglur um gerð fjárhagsáætlunar
- Reglur um fjárstýringu
- Innheimtureglur
- Starfsreglur endurskoðunarnefndar

Stjórnskipulag Reykjavíkurborgar

Gildandi stjórnskipulagi fyrir A-hluta Reykjavíkurborgar er sem hér segir:



Borgarstjórn

Borgarstjórn starfar skv. II. kafla sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar nr. 1020/2019, sbr. 9. gr. laganna. Hlutverk og verkswið borgarstjórnar skv. 8. gr. sveitarstjórnarlaga er að fara með stjórn Reykjavíkurborgar samkvæmt ákvæðum sveitarstjórnarlaga og annarra laga.

Borgarstjórn hefur ákvörðunarvald um nýtingu tekjustofna Reykjavíkurborgar og um framkvæmd þeirra verkefna sem sveitarfélagið annast. Hún skal sjá um að fylgt sé ákvæðum laga um sveitarstjórnarmál, reglugerðum og samþykktum Reykjavíkurborgar. Þá getur borgarstjórn ályktað um hvert það málefni sem hún telur að varði Reykjavíkurborg.

Borgarstjórn Reykjavíkur er skipuð tuttugu og þremur borgarfulltrúum og jafnmörgum til vara, sem kjörnir eru lýðræðislegri kosningu af íbúum sveitarfélagsins samkvæmt lögum um kosningar til sveitarstjórna. Borgarstjórn kýs forseta borgarstjórnar og fjóra varaforseta úr hópi borgarfulltrúa til eins árs í senn. Borgarstjórn kýs úr hópi borgarfulltrúa sjö aðalmenn í borgarráð til eins árs og jafnmarga til vara. Borgarstjórn kýs formann og varaformann borgarráðs úr hópi kjörinna borgarráðsmanna. Upplýsingar um kjörna fulltrúa í borgarstjórn, trúnaðarstörf þeirra á vegum borgarstjórnar og fjárhagslega hagsmuni þeirra er að finna á [heimasíðu Reykjavíkurborgar](#).

Fjöldi fulltrúa í borgarstjórn og nefndum, ráðum og stjórnnum á vegum sveitarfélagsins ræðst af ákvæðum sveitarstjórnarlaga og í samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar, sem birt er í Stjórnartíðindum og er aðgengileg þar og á heimasíðu Reykjavíkurborgar. Á heimasíðu Reykjavíkurborgar má sjá hverjir sitja í einstökum nefndum, ráðum og stjórnnum. Í 2. tl. 44. gr. sveitastjórnarlaga kemur fram regla um kynjahlutföll í nefndum sem borgarstjórn velur í. Sveitarfélagið gætir að þessum reglum við skipan í nefndir. Að því er borgarstjórnina varðar, ræðst samsetningin af röðun á framboðslista og niðurstöðum kosninga til sveitarstjórnar. Í borgarstjórn sitja nú fulltrúar 8 stjórnmalaflokka, 15 konur og 8 karlar með ólíkan bakgrunn og menntun.

Árið 2024 voru haldnir 23 fundir í borgarstjórn, þar af einn fundur með Reykjavíkurráði ungmenna.

Borgarráð

Borgarráð fer, ásamt borgarstjóra, með framkvæmdastjórn Reykjavíkurborgar og fjármálastjórn, að því leyti sem þessi mál eru ekki öðrum falin. Ráðið hefur umsjón með stjórnsýslu Reykjavíkurborgar og fjármálastjórn hennar sérstaklega, semur drög að fjárhagsáætlun og viðaukum við hana og leggur hana fyrir borgarstjórn. Borgarráð sér um að ársreikningar borgarsjóðs séu samdir reglum samkvæmt og þeir, ásamt ársreikningum stofnana og fyrirtækja, lagðir fyrir borgarstjórn til meðferðar og afgreiðslu svo sem sveitarstjórnarlög mæla fyrir um. Borgarráði er heimil fullnaðarákvörðun mála sem ekki varða verulega fjárhag borgarsjóðs eða stofnana hans, enda sé ekki ágreiningur innan ráðsins eða við borgarstjóra um ákvörðunina. Í borgarráði sitja sjö borgarfulltrúar kjörnir af borgarstjórn. Flokkur sem fulltrúa á í borgarstjórn, en ekki í borgarráði, má tilnefna borgarfulltrúa til að sitja fundi borgarráðs með málfrelsi og tillögurétt. Í borgarráði sitja nú tveir áheyrnarfulltrúar.

Árið 2024 voru haldnir 36 fundir í borgarráði.

Borgarstjóri

Borgarstjórinn í Reykjavík er æðsti yfirmaður starfsmanna Reykjavíkurborgar. Borgarstjóri er ráðinn af borgarstjórn og getur verið borgarfulltrúi. Sé hann borgarfulltrúi hefur hann einnig skyldur sem slíkur. Borgarstjóri er framkvæmdastjóri Reykjavíkurborgar, opinber fulltrúi Reykjavíkurborgar og pólitískur leiðtogi meirihlutans. Hann er prókúruhafi borgarsjóðs. Hann undirritar skjöl varðandi kaup og sölu fasteigna borgarinnar, lántökur og aðrar skuldbindingar svo og vegna ráðstafana sem samþykki borgarstjórnar þarf til. Borgarstjóra er heimilt með samþykki borgarstjórnar að veita öðrum starfsmönnum borgarinnar prókúru. Borgarstjóri fer með eignarhluta Reykjavíkurborgar í B-hluta fyrirtækjum.

Borgarstjóri Heiða Björg Hilmisdóttir tók við þann 21. febrúar 2025 af Einari Þorsteinssyni sem tók við sem borgarstjóri 16. janúar 2024 af Degi B. Eggertssyni.

Innra eftirlit, áhættustýring og endurskoðun

Borgarstjórn ber ábyrgð á að til staðar sé virkt kerfi innra eftirlits í starfsemi borgarinnar og að það sé formlegt, skjalfest og sannreynt reglulega. Innra eftirlitið á að vera til þess fallið að veita vissu um; að sveitarfélagið nái árangri og skilvirkni í starfsemi, í samræmi við markmið sveitarfélagsins; áreiðanleika og réttmæti fjárhagsupplýsingar sem veittar eru ytri aðilum og að fylgt sé lögum og reglum sem gilda um starfsemina. Við uppbyggingu á innra eftirliti hjá Reykjavíkurborg er tekið mið af ramma COSO, sem er alþjóðlega viðurkenndur rammi um innra eftirlit.

Áhættustýring

Áhættustjóri borgarinnar er Stefanía Sch. Thorsteinsson sem leiðir áhættustýringu borgarinnar. Markmið áhættustýringar er að greina, meta og stýra áhættu til að tryggja skilvirka nýtingu fjármagns, draga úr líkum á fjárhagslegum áföllum og auka fyrirsjáanleika í rekstri. Eins stuðlar áhættustýring að áhættumiðaðri upplýsingatöku yfir allt borgarkerfið.

Til þess að ná markmiðunum nýtir áhættustjóri fjölbreyttar greiningaraðferðir og tæki. Meðal annars eru unnar tölfræðilegar kostnaðar- og ábatagreiningar til að meta hvenær best er að draga úr áhættu og hvort fyrirbyggjandi aðgerðir borgi sig - ef t.d. kostnaður við að fyrirbyggja áhættu er lægri en mögulegt tjón ef áhættan raungerist, er hagkvæmt að grípa til varna, ef ekki, er fræðilegra betra að taka áhættuna - en sú ákvörðun er ætíð tekin í samráði við æðstu stjórnendur borgarinnar.

Value-at-risk (VaR), skilyrt value-at-risk (CVAR) eru mikilvæg greiningartól sem notuð er til að meta hversu mikið það mun kosta borgina ef allt fer á versta veg, Hermanir eru annað mikilvægt tæki til þess að kortleggja óvissu og væntan kostnað við áhættur. Með því að keyra hermanir fást út fjölmargar sviðsmyndir, sem sýna ólíkar útkomur og þannig er hægt að líkur á óæskilegu ástandi áður en það raungerist og bregðast þannig við í tíma. Eins notar áhættustýringin tornado gröf til að gera greinarmun á áhættum, bestunarlíkön til þess m.a. nýta fjármagn á sem allra bestan máta og bow-tie greiningar til að dýpka skilning á viðfangsefninu sem um ræðir.

Að lokum eru notuð ýmis spálíkön, tölfræðilegar greiningar og ófjárhagslegir mælikvarðar til að ná sem víðtækastri sýn á áhættulandslag borgarinnar. Með markvissri áhættustýringu er tryggt að áhersla sé lögð á skilvirka ákvarðanatöku, verndun fjármuna borgarinnar og hagsmuni íbúa.

Helstu áhættuþættirnir sem haft geta áhrif á getu borgarinnar til að ná markmiðum sínum til skamms tíma og til næstu ára eru lausafjáráhætta, markaðsáhætta, mótaðilaáhætta, tekju- og útgjaldaáhætta og rekstraráhætta. Farið verður stuttlega yfir hvern áhættuflokk fyrir sig hér að neðan.

Markaðsáhætta

Markaðsáhætta er skilgreind sem hættan á fjárhagslegu tapi eða óhagstæðum breytingum á fjárhagslegri stöðu sem stafa beint eða óbeint af sveiflum á virði eigna. Þessi áhætta er til staðar í hlutabréfum, skuldabréfum (vaxtatengdum fjármálagerningum) og gjaldeyrisviðskiptum. Megináhættuþættir markaðsáhættu eru hluta- og skuldabréfaverð, vextir og gengi gjaldmiðla. Aðrir þættir á borð við fylgni og flökt, hafa hvoru tveggja áhrif á einstaka áhættuþætti sem og heildar markaðsáhættu. Misræmisáhætta telst einnig til markaðsáhættu en hún myndast þegar misræmi er milli eigna og skuldbindinga borgarinnar til að mynda hvað varðar verðtryggingarhlutfall, meðallíftíma eða gjaldmiðla.

Lausafjárahætta

Lausafjárahætta er skilgreind sem hættan á að Reykjavíkurborg hafi ekki yfir nægu lausu fé að ráða eða þurfi að selja eignir á óviðunandi verði innan ákveðins tíma til að standa við skuldbindingar sínar.

Mótaðilaáhætta

Mótaðilaáhætta er skilgreind sem hættan á fjárhagslegu tapi ef að mótaðili uppfyllir ekki skuldbindingar sínar gagnvart Reykjavíkurborg. Undir mótaðilaáhættu flokkast útlánaáhætta, þ.e.a.s. skuldari geti ekki greitt skuldir sínar á fyrir fram ákveðnum tíma og greiðslufall verði að hluta eða öllu leyti.

Tekju- og útgjaldaáhætta

Greining á sveiflum í tekjum og kostnaði sem geta haft áhrif á fjárhagsstöðu borgarinnar.

Rekstraráhætta

Rekstraráhætta er hættan á beinu eða óbeinu tapi vegna ófullnægjandi innri verkferla, mannlegra mistaka, kerfisbilunum eða vegna ytri atburða. Undir rekstraráhættu fellur ferlaáhætta, starfsmannaáhætta, kerfis og tækniáhætta, hlítingaráhætta, ytri áhættur, ábendingar vegna afhendingarþjónustu og eignaáhætta.

Endurskoðunarnefnd

Reykjavíkurborg hefur skipað endurskoðunarnefnd skv. 108. gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga. Hlutverk endurskoðunarnefndar Reykjavíkurborgar er skilgreint í samþykkt hennar og gegnir hún samsvarandi hlutverki gagnvart samstæðu borgarinnar og einstökum B hluta félögum innan samstæðunnar. Nefndin starfar samkvæmt IX. kafla A. laga nr. 3/2006 um ársreikninga og samkvæmt samþykktum frá 10. júlí 2014. Endurskoðunarnefnd skal meðal annars gegna eftirfarandi verkefnum:

- Eftirliti með vinnuferli við gerð reikningsskila.
- Eftirliti með fyrirkomulagi og virkni innra eftirlits, innri endurskoðun og áhættustýringu.

- Eftirliti með endurskoðun ársreiknings A-hluta og samstæðureiknings A- og B-hluta.
- Mat á óhæði ytri endurskoðenda og eftirlit með öðrum störfum þeirra fyrir Reykjavíkurborg
- Setja fram tillögu til borgarstjórnar um val á ytri endurskoðendum og að ráðningu innri endurskoðanda.

Nánari útfærslu á störfum nefndarinnar má finna í starfsreglum hennar. Endurskoðunarnefnd er skipuð fjórum fulltrúum, þremur skipuðum af borgarstjórn Reykjavíkurborgar og einum skipuðum samkvæmt tilnefningu stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur. Nefndina skipa: Lárus Finnbogason, löggiltur endurskoðandi, formaður, Einar S. Hálfðánarson hrl. og löggiltur endurskoðandi (réttindi óvirk), Sigrún Guðmundsdóttir, löggiltur endurskoðandi, og Sunna Jóhannsdóttir, viðskiptafræðingur. Á heimasíðu borgarinnar má sjá samþykkt sem borgarstjórn hefur sett fyrir [endurskoðunarnefnd](#).

Innri endurskoðun og ráðgjöf

Innri endurskoðun og ráðgjöf (IER) starfar samkvæmt samþykkt borgarstjórnar frá 15. júní 2021. Starfandi innri endurskoðandi Reykjavíkurborgar er Ingunn Ólafsdóttir og heyrir skrifstofa Innri endurskoðunar og ráðgjafar undir hennar stjórn. Innan IER starfa þrjú fagsvið samkvæmt erindisbréfum sem endurskoðunarnefnd hefur samþykkt og var erindisbréf fagsviðs innri endurskoðunar samþykkt á fundi nefndarinnar 18. september 2023. Innri endurskoðun og ráðgjöf fer með fjármála- og stjórnsýslueftirlit hjá Reykjavíkurborg í umboði borgarráðs. Í því felst að með störfum sínum leggur IER mat á og bætir virkni áhættustýringar, eftirlitsaðferða og stjórnarháttanna hjá stofnunum og félögum í meirihlutaeigu Reykjavíkurborgar.

Verkefni á fagsviði innri endurskoðunar flokkast í staðfestingarvinnu annars vegar og ráðgjafarþjónustu hins vegar. Viðfangsefnið ná m.a. til fjárhagsendurskoðunar, stjórnsýsluendurskoðunar og endurskoðunar upplýsingakerfa. Innri endurskoðun og ráðgjöf veitir stjórnendum faglega ráðgjöf og annast innri endurskoðun sem er hluti af innra stjórnendaeftirliti Reykjavíkurborgar. Viðfangsefni fagsviðs ráðgjafar er að taka við erindum frá borgarbúum og vera þeim til ráðgjafar og leiðbeina þeim í samskiptum sínum við borgina, m.a. um leiðir þeirra til að leita réttar síns telji þeir að á sér hafi verið brotið. Eins hefur fagsvið ráðgjafar það hlutverk að fræða starfsmenn borgarinnar og leiðbeina þeim m.a. um meginreglur stjórnsýslulaga. Persónuverndarfulltrúi hefur eftirlit með reglufylgni vegna persónuverndar og veitir starfsfólki Reykjavíkurborgar ráðgjöf í því skyni að tryggja að vinnsla persónuupplýsinga fari fram í samræmi við lög og persónuverndarstefnu Reykjavíkurborgar. Til þess þarf persónuverndarfulltrúi að kalla eftir upplýsingum til að greina vinnslustarfsemi Reykjavíkurborgar og veita upplýsingar og ráðgjöf, ásamt því að gera tillögur um úrbætur innan stjórnsýslunnar á sviði vinnslu persónuupplýsinga, þ.m.t. á sviði upplýsingaöryggis. Persónuverndarfulltrúi sinnir jafnframt fræðsluhlutverki gagnvart starfsfólki borgarinnar. IER tekur á móti gögnum og upplýsingum um lögbrot eða aðra ámælisverða háttsemi, og annast mál í samræmi við lög um vernd uppljóstrara nr. 40/2020. Starfssvið IER nær til A hluta Reykjavíkurborgar, eins og hann er afmarkaður í 1. tölul. 1. mgr. 60 gr. Sveitarstjórnar-

laga nr. 138/2011. Að því marki sem A hlutinn ber ábyrgð á B hlutanum, eins og hann er afmarkaður í 2. tölul. sömu gr., nær starfssviðið einnig til allrar samstæðu borgarinnar. IER hefur gert samninga um innri endurskoðunarþjónustu hjá Faxaflóahöfnum, Félagsbústöðum, Malbikunarstöðinni Höfða, Orkuveitu Reykjavíkur og Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins bs. en hjá Sorpu bs. og Strætó bs. er innri endurskoðun útvistað.

Samfélagsábyrgð og siðareglur

Um samfélagslega ábyrgð er fjallað í stefnumörkun Reykjavíkurborgar, meðal annars í umhverfis- og auðlindastefnu og loftslagsstefnu. Áhersla er lögð á að lífsgæði núlifandi og næstu kynslóða borgarbúa verði tryggð með því að meta auðinn sem felst í þjónustu náttúrunnar og hreinu umhverfi. Reykjavíkurborg leggur áherslu á sjálfbæra nýtingu auðlinda og verður stefnunni framfylgt í eftirfarandi níu málaflokkum: Auðlindir, samgöngur, skipulag, gæði umhverfis, loftslagsmál, menntun til sjálfbærni, náttúra og útivist, neysla og úrgangur og rekstur Reykjavíkurborgar.

Reykjavíkurborg er aðili að Festu, miðstöð um samfélagslega ábyrgð. Miðstöðin hefur það hlutverk að efla þekkingu á sjálfbærum rekstri og hefur Reykjavíkurborg skuldbundið sig til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda frá rekstri og lágmarka neikvæð umhverfisáhrif með markvissum aðgerðum.

Umgjörð grænnar og félagslegrar fjármögnunar

Árið 2018 var grænn rammi („Green Bond Framework“) Reykjavíkurborgar samþykktur og voru fyrstu grænu skuldabréfin gefin út sama ár. Árið 2023 var nýr grænn rammi („Green Financing Framework“) samþykktur en hann er settur fram í samræmi við alþjóðleg viðmið ICMA, Alþjóðasamtök aðila á verðbréfamarkaði, svonefnd Green Bond Principle, með skírskotun í sjálfbærni viðmið Sameinuðu þjóðanna. Græni ramminn byggir á fjórum stöðum; (i) skilgreiningu grænna verkefnaflokka, (ii) valferli grænna verkefna, (iii) meðferð fjármuna og (iv) skýrslugjöf til fjárfesta. Samkvæmt mati CICERO Shades of Green sem veitir óháð álit á rammanum fær grænn rammi Reykjavíkurborgar einkunnina „miðlungs grænn“ (medium green) og undirflokkar og verkefni fá einkunni á bilinu „miðlungs til dökk græn“ (medium to dark green) eftir flokkum. Litið er sérstaklega til stjórnsýslulegs fyrirkomulags, sem fær einkunnina „framúrskarandi“ (excellent) sem er hæsta einkunn.

Árið 2019 var grænn rammi fyrir Orkuveitu Reykjavíkur samþykktur og fyrstu grænu skuldabréfin gefin út í júní 2019. CICERO veitti óháð álit á rammanum og gaf rammanum hæstu einkunnir; „dökk grænn“ (dark green) fyrir jákvæð umhverfisáhrif verkefnanna og einkunnina „framúrskarandi“ (excellent) fyrir umgjörð skuldabréfanna hjá fyrirtækinu. Árið 2021 gaf OR út nýjan ramma, ramma grænnar fjármögnunar. Með breytingunni eru fjármagnaðar grænar fjárfestingar samstæðunnar en ekki tiltekin verkefni einstakra félaga innan hennar. Um 86% af fjármögnun samstæðunnar á árunum 2021 - 2023 féll undir ramma grænnar fjármögnunar.

Haustið 2024 var nýr rammi kynntur en með honum er flokkunarreglugerð um sjálfbæra atvinnustarfsemi (EU Taxonomy) felld inn í ramman.

Félagsbústaðir hafa gefið út ramma um félagsleg skuldabréf í samræmi við alþjóðleg viðmið ICMA, svonefnd Social Bond Principle. Ramminn hefur hlotið vottun frá Sustainalytics, óháðum vottunaraðila. Í vottuninni segir m.a. að rammi Félagsbústaða sé traustur, trúverðugur og áhrifamikill, og að hann samræmist öllum fjórum meginþáttum alþjóðalegra viðmiða um félagsleg skuldabréf. Fyrstu félagslegu skuldabréfin voru gefin út í nóvember 2019.“ Félagsbústaðir fjármögnuðu um 700 íbúðaeiningar með félagslegri skuldabréfaútgáfu á árunum 2018-2022.

Siðareglur

Um siðareglur og góða starfshætti er fjallað í 29. gr. sveitarstjórnarlaga. [Siðareglur kjörinna fulltrúa](#) voru samþykktar 18. júní 2019 og eru aðgengilegar eru á heimasíðu Reykjavíkurborgar. [Siðareglur starfsfólks](#) voru samþykktar 9. mars 2023.

Í samræmi við 63. gr. laga nr. 3/2003 um ársreikninga og verklagsreglu FMS-VLR-150[1] um eftirlit með viðskiptum tengdra aðila, sem samþykkt var í borgarráði 22. mars 2018, ber fjármála- og áhættustýringarsviði að gera grein fyrir viðskiptum við tengda aðila, þ.m.t. á hverju tengslin við viðkomandi aðila byggjast, fjárhæð viðskipta og aðrar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að unnt sé að leggja mat á fjárhagsstöðu borgarinnar. Reykjavíkurborg safnar upplýsingum um viðskipti tengdra aðila fyrir útgáfu ársreiknings hvers árs um aðal- og varaborgarfulltrúum sem og staðgengla borgarstjóra. Í alþjóðlegum reikningsskilastaðli er skilgreiningin m.a. sú að um sé að ræða þá sem eru í nánnum fjölskyldutengslum við viðkomandi aðila s.s. börn, maki, sambýlismaki, börn maka/sambýlismaka, einstaklingur á framfæri viðkomandi eða maka/sambýlismaka og fl. Þá eru lögaðilar sem viðkomandi aðili sjálfur eða maki/sambýlismaki eða börn á framfæri viðkomandi tengist skilgreindir sem tengdir aðilar og eru skráðir sérstaklega. Reykjavíkurborg aflar upplýsinga í Þjóðskrá um fjölskyldunúmer og kennitölur allra aðal- og varaborgarfulltrúum sem og staðgengla borgarstjóra að undangenginni upplýsingagjöf til ofangreindara aðila um vinnslu þessara persónuupplýsinga. Auk þess er kallað eftir frá öllum aðal- og varafulltrúum sem og staðgenglum borgarstjóra að þeir skila inn yfirliti yfir aðila sem falla undir ofangreinda skilgreiningu að því slepptu sem Reykjavíkurborg kallar eftir beint frá þjóðskrá. Ofangreindar upplýsingar eru síðan keyrðar saman við fjárhagskerfi borgarinnar í því skyni að kanna hvort viðskipti hafi átt sér stað sem þurfa sérstakrar rýni við. Ef óeðlileg viðskipti hafa átt sér stað eru upplýsingar þess efnis afhentar endurskoðendum borgarinnar til frekari rýni. Í lögum um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka nr. 140/2018 eru einnig sett skilyrði um auðkenningu viðskiptamanna með könnun á áreiðanleika upplýsinga um viðkomandi. Hafa allir borgarfulltrúar og sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs auðkennt sig við þær fjármálastofnanir sem Reykjavíkurborg á viðskipti við svo og gagnvart Lánasjóði sveitarfélaga og uppfylla þar með þær lagaskyldur.

Stefnur

Samkvæmt sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011 eru sveitarfélög sjálfstæð stjórnvöld, sem stjórnað er af lýðræðislega kjörnum sveitarstjórnnum í umboði íbúa sveitarfélagsins. Sveitarfélagið sinnir þeim verkefnum sem því er falið lögum samkvæmt, m.a. varðandi fræðslu- og uppeldismál, félagsþjónustu, æskulýðs- og íþróttamál, menningarmál, hreinlætismál, skipulagsmál og umhverfismál. Jafnframt fylgir það kröfum sem gilda um starfsemi þess í öðrum lögum, s.s. stjórnsýslulögum, lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla og lögum um opinber innkaup.

Reykjavíkurborg hefur sett sér stefnumörkun þvert á starfseminni, sem er að finna á [heimasíðu borgarinnar](#). Helstu stefnur eru:

- Græna planið – heildarstefna Reykjavíkurborgar til 2030
- Aðalskipulag Reykjavíkur 2040
- Fjármálastefna 2023-2027
- Áhættustefna
- Húsnæðisstefna
- Atvinnu- og nýsköpunarstefna
- Jafnlaunastefna
- Mannauðsstefna
- Mannréttindastefna
- Persónuverndarstefna
- Upplýsingaöryggisstefna
- Þjónustustefna

Þá hefur Reykjavíkurborg sett sér stefnumörkun í einstökum málaflokkum, sem er að finna á [heimasíðu borgarinnar](#). Helstu stefnur eru:

- Stefnur á sviði íþróttar- og tómstundamála
- Stefnur á sviði menningar- og ferðamála
- Stefnur á sviði skóla- og frístundamála
- Stefnur á sviði umhverfis- og skipulagsmála
- Stefnur á sviði velferðarmála

Reykjavíkurborg hefur sett sér [almenna eigendastefnu Reykjavíkurborgar](#) sem skýrir hlutverk, umboð og ábyrgð eigendavalds Reykjavíkurborgar í fyrirtækjum borgarinnar. Þá hefur verið settar [eigendastefnur](#) vegna B-hluta fyrirtækja, m.a. vegna Félagsbústaða hf., SORPU bs., Strætó bs. og Orkuveitu Reykjavíkur.

Græna planið

Græna planið er heildarstefna Reykjavíkurborgar sem dregur upp framtíðarsýn borgarinnar til ársins 2030 og tengir lykilstefnur og áætlanir borgarinnar við þá sýn. Með áherslu á **efnahag, umhverfi og samfélag** heldur Græna planið utan um fimmtán lykiláherslur undir víddunum **Vaxandi borg**, **Græn borg** og **Borg fyrir fólk** sem virka sem sameiginlegt leiðarljós þvert á svið Reykjavíkurborgar. Ítarlegar upplýsingar er að finna um markmið, aðgerðir og framgang þeirra á [heimasíðu borgarinnar](#).

Mæling árangurs

Til að fylgjast með árangri Græna plansins innleiðir Reykjavíkurborg þrjá alþjóðlega staðla frá World Council on City Data (WCCD), sem mæla sjálfbærni borgarinnar í yfir 200 mælikvörðum:

- ISO 37120: Mælir þjónustu og lífsgæði borgarbúa.
- ISO 37122: Mælir þróun borgarinnar sem snjallborg.
- ISO 37123: Mælir hæfni borgarinnar til að takast á við áföll og náttúruhamfarir.

Niðurstöður eru birtar í gagnagátt Reykjavíkur og hafa verið nýttar í loftslagsáætlun borgarinnar.

VAXANDI BORG

Vaxandi borg felur í sér framtíðarsýn í efnahagsmálum og felur í sér að „[í] Reykjavík er kraftmikið, samkeppnishæft borgarsamfélag og frjósamur jarðvegur fyrir skapandi hugmyndir sem laðar fólk að til búsetu, heimsóknar og athafna. Borg sem setur grænan vöxt í forgang.“

Markmið í efnahagsmálum eru eftirfarandi:

Ábyrg fjármálastjórnun

Fjármálastefna borgarinnar byggir á sjálfbærni, stöðuleika, festu, fyrirsjáanleika og gagnsæi

Pétt og blönduð byggð

Péttari, blandaðri byggð með sjálfbærni hverfa að leiðarljósi

Ný atvinnutækifæri til framtíðar

Þróun atvinnutækifæra verður á forsendum þekkingar, nýsköpunar og sjálfbærni til framtíðar

Gott umhverfi fyrir atvinnulíf og nýsköpun

Góð landnýting, fjölbreytt atvinnulíf og athafnasvæði fyrir allar tegundir fyrirtækja af öllum stærðum

Fjármálastefna

Fjármálastefna Reykjavíkurborgar 2023-2027, sem samþykkt var samhliða fjárhagsáætlun, var undirbúin með hliðsjón af fjárhagslegri stöðu og efnahagslegu ytra umhverfi borgarinnar. Í stefnunni er skýr áhersla á að hallarekstri og erfiðum aðstæðum í alþjóðlegu efnahags-umhverfi verði mætt með vexti þróttmikils borgarsamfélags til lengri tíma en með markvissum aðgerðum í rekstri og samdrætti í fjárfestingum miðað við áætlanir síðustu ára til skemmri tíma, án þess að dregið verði úr öflugri sókn í uppbyggingu borgarinnar í samræmi við Græna planið og stefnumörkun þess. Skýr sýn verði á græna og vaxandi borg fyrir fólk, sjálfbæran rekstur og fyrirbyggjandi aðgerðir til að lágmarka fjárhagslegar áhættur í rekstri borgarinnar.

Í Fjármálastefnu Reykjavíkurborgar 2023-2027 eru sett markmið um rekstur og þróun fjármála borgarinnar til lengri og skemmri tíma, ásamt mælikvörðum sem snúa annars vegar að A-hluta og hins vegar að A- og B-hluta. Mælikvarðarnir eru eftirfarandi:

A-hluti

1. Rekstrarniðurstaða verði jákvæð frá og með árinu 2025.
2. Launakostnaður verði að hámarki 80% af samanlögðum útsvars- og Jöfnunarsjóðstekjum frá og með árinu 2026.
3. Veltufé frá rekstri verði yfir 7,5% af tekjum frá árinu 2025.
4. Veltufé frá rekstri dugi fyrir afborgunum lána og skuldbindinga frá og með árinu 2025.
5. Lántaka nemi að hámarki 70% af fjárfestingum ársins frá og með árinu 2025.
6. Skuldaviðmið A-hluta fari ekki yfir 100% af tekjum.

Nr.	Mælikvarði	Markmið	2023	2024	2025	2026	2027
1	Rekstrarniðurstaða jákvæð (fjárhæðir í m.kr.)	> 0	✗ -5.991	🟡 2.166	🟢 6.035	🟢 7.067	🟢 9.631
2	Hlutfall launakostnaðar	< 80%	✗ 86%	✗ 82%	🟡 81%	🟢 80%	🟢 80%
3	Veltufé frá rekstri sem hlutfall af tekjum	> 7,5%	✗ 2,2%	✗ 5,9%	🟢 7,6%	🟢 7,8%	🟢 8,5%
4	Veltufé frá rekstri á móti afborgunum lána og skuldbindinga	> 1,0	✗ 0,4	✗ 0,7	🟢 1,1	🟢 1,1	🟢 1,1
5	Lántaka að hámarki 70% af fjárfestingum	< 70%	🟡 83%	🟡 80%	🟢 65%	🟢 64%	🟢 54%
6	Skuldaviðmið fari ekki yfir 100% af tekjum	< 100%	🟢 85%	🟢 85%	🟢 86%	🟢 84%	🟢 79%

Samstæða - A- og B-hluti

1. Jafnvægisviðmið samstæðu sé jákvætt.
2. Skuldaviðmið samstæðu verði ekki hærra en 150% frá og með 2027.

Nr.	Mælikvarði	Markmið	2023	2024	2025	2026	2027
1	Þriggja ára jafnvægisviðmið	> 0	🟢 39.325	🟢 44.040	🟢 57.583	🟢 69.745	🟢 49.628
2	Skuldaviðmið fari ekki yfir 150% af tekjum	< 150%	🟢 141%	🟢 146%	🟡 152%	✗ 151%	🟢 141%

Fjármálastefnan byggir á grunngildum borgarinnar um sjálfbærni, varfærni, stöðugleika, festu, fyrirsjáanleika og gagnsæi sem varða leið borgarinnar að því að uppfylla fjármálareglur sveitarfélaga.

Kynjuð fjárhagsáætlun

Reykjavíkurborg samþættir jafnréttissjónarmið við alla stefnumótun og ákvarðanatöku í samræmi við jafnréttislög. Frá 2011 hefur borgin nýtt kynjaða fjárhagsáætlun til að tryggja sanngjarna dreifingu fjármuna og mannréttindi í fyrirrúmi. Sérstakt verklag er hluti af fjárhagsáætlunarferlinu til að tryggja að kynja- og jafnréttissjónarmið séu höfð í huga við fjárveitingar, þjónustu og úthlutanir. Mannréttinda- og ofbeldisvarnarráð hefur eftirlit með innleiðingunni, og hafa kynjagreiningar leitt til margvíslegra breytinga á reglum og fjárveitingum.

Húsnæðisstefna Reykjavíkur

Íbúar Reykjavíkur voru 138.772 þann 1. janúar 2025 skv. tölum Hagstofunnar og hafði þá fjölgað á einu ári um 1.878, en fjölgunin árið 2024 er áttunda árið í röð þar sem fjölgaði yfir 1.000 íbúa í borginni. Síðustu tíu ár hefur íbúum í Reykjavík fjölgað um 20 þúsund. Mesta fjölgunarárið var árið 2023 þegar borgarbúum fjölgaði um 3.660 samkvæmt tölum Hagstofunnar.

Á árinu 2024 var lokið við byggingu 989 íbúða. Reykjavíkurborg, innviðaráðuneyti og Húsnæðis- og mannvirkjastofnun gerðu samkomulag þann 5. janúar 2023 sem byggir á rammisamningi ríkis og sveitarfélaga frá júlí 2022. Samkomulagið gerir ráð fyrir að 30% nýs húsnæðis sé hagkvæmt á viðráðanlegu verði og 5% félagslegt í eigu sveitarfélags. Úthlutunaráætlun fyrir árið 2025 gerir ráð fyrir því að borgin úthluti lóðum undir 978 íbúðir á árinu. Þar af eru 53% íbúða í verkefni á vegum húsnæðisfélaga eða í verkefni um þróun á hagkvæmu eða grænu húsnæði.

Skv. ársskýrslu byggingarfulltrúa voru skráðar fullgerðar 989 íbúðir í borginni á árinu en þær voru 874 árið 2023, 1.062 árið 2022, 1.252 árið 2021, 1.572 árið 2020 og 1.003 árið 2019. Heildarfjöldi íbúða í Reykjavík er nú um 61 þúsund talsins samkvæmt talningu HMS. Samkomulag borgar, innviðaráðuneytis og HMS fyrir næstu 10 ár (2023-2032) gerir ráð fyrir að aðstæður verði tryggðar fyrir uppbyggingu á allt að 2.000 íbúðum á ári næstu fimm árin og að jafnaði 1.200 íbúðir á ári eftir það en markmiðin teygja sig upp í háspá Hagstofunnar um fólksfjöldapróun. Um áramót 2024-25 voru 2.662 íbúðir í byggingu í Reykjavík. Þar af voru 664 skilgreindar sem hagkvæmar á viðráðanlegu verði eða félagslegar eða um 25%. Samþykkt voru áform um byggingu 1.289 nýrra íbúða á árinu. Þá var hafist handa við 935 íbúðir. Um áramót voru til byggingarhæfar lóðir í Reykjavík þar sem byggja má um 2.650 íbúðir en skv. fyrrgreindu samkomulagi Reykjavíkurborgar, innviðaráðuneytis og HMS skuldbindur borgin sig til að hafa á hverjum tíma til reiðu lóðir þar sem byggja má 1.500 – 3.000 nýjar íbúðir.

Atvinnu- og nýsköpunarstefna

Unnið hefur verið að því að koma innleiðingu atvinnu- og nýsköpunarstefnu í góðan farveg. Aðgerðaáætlun atvinnu- og nýsköpunarstefnu 2023-2024 inniheldur 26 aðgerðir sem skiptast niður á sex stefnuáherslur. Unnið var áfram með sex kjarnaáherslur stefnunnar sem eru: 1. Sameiginlegur skilningur borgar og atvinnulífs, 2. Gott umhverfi atvinnulífs og nýsköpunar, 3. Fleiri stoðir verðmætasköpunar, 4. Sögur úr borginni, 5. Grænn vöxtur og 6. Engin skilin eftir.

Á meðal lykilatriða sem unnið er eftir er þróun nýrra atvinnusvæða á Hólmsheiði, Álfsnesi og Esjumelum. Á Esjumelum er samþykkt deiliskipulag og lóðir gerðar byggingarhæfar og úthlutað í taki við þarfir atvinnulífsins. Deiliskipulag fyrir athafnasvæði 2 á Hólmsheiði var unnið í samstarfi við nokkur fyrirtæki sem valin voru til samstarfs í kjölfar markaðskönnunar. Deiliskipulagið hefur nú verið auglýst. Á Álfsnesi var teymi valið gegnum útboð til að vinna rammaskipulag og þróunaráætlun fyrir atvinnusvæðið sem mun hafa hringrás efna að leiðarljósi. Þá er unnið að samstarfsverkefnum með atvinnulífinu í miðborginni, vísindaporpi í Vatnsmýri og porpi skapandi greina í Gufunesi. Þá eru einnig haldnir fundir með vaxandi fyrirtækjum og þeim kynntar áhugaverð tækifæri í borginni. Borgin hefur unnið að því að búa til fleiri stoðir verðmætasköpunar með þátttöku í verkefnum á borð við Snjallræði, Gulleggið og Hringiðu sem eru frumkvöðlaverkefni á vegum Klak.

GRÆN BORG

[Græn borg](#) felur í sér framtíðarsýn Græna plansins í umhverfis og loftslagsmálum. Í því felst að „*Reykjavík er blómleg, skemmtileg og heilbrigð borg sem verður kolefnishlutlaus árið 2040.*“

Markmið í umhverfismálum eru:

Samdráttur í losun gróðurhúsalofttegunda

Kolefnishlutlaus borg fyrir árið 2040 og aðlögun að loftslagsbreytingum

Aukin kolefnisbinding og efling grænna svæða

Aukin ræktun, nýting og samtenging milli grænna svæða

Borgin aðlöguð að áhrifum loftslagsbreytinga

Vinna gegn loftslagsbreytingum og aðlögun að þeim

Bætt aðgengi að heilnæmum útivistarmöguleikum og matvælum

Áhersla á lýðheilsusjónarmið og aukinn borgarbúskap

Vistvænar samgöngur

Fjárfesting í samgönguinnviðum verður á grænum og fjölbreyttum forsendum

Kolefnishlutlaus borg

Reykjavíkurborg stefnir að kolefnishlutleysi árið 2040 og að aðlögun að loftslagsbreytingum verði með vistvænum og mannvænum hætti. *Aðgerðaráætlun Reykjavíkurborgar í loftslagsmálum árin 2021-2025* er að finna á [heimasíðu borgarinnar](#). Helstu aðgerðir eru 15 talsins og varða meðal annars gönguvæna borg, orkuskipti, heilsueflandi ferðamátar, hringrásarhugsun, vistvæn mannvirki og kolefnisbindingu. Þeim til stuðnings eru stöðaðgerðir sem ná þvert á og varða rekstur borgarinnar, aðlögun að loftslagsbreytingum, vitundarvakningu og nýsköpun.



Reykjavíkurborg hefur verið valin til þátttöku í Evrópusamstarfi 112 borga um að verða kolefnishlutlaus og snjöll árið 2030. Í því felst að gera loftslagsborgarsamning við ýmsa hagsmunaaðila um markmiðasetningu og árangur. Einnig er Reykjavíkurborg þátttakandi í loftslagssáttmála sveitarfélaga (Covenant of Mayors) og upplýsingagjöf um kolefnisnotkun (CDP carbon-disclosure-project).

Grænt bókhald

Grænt bókhald Reykjavíkurborgar er losunarbókhald vegna reksturs A-hluta.

Losunarbókhald			
Gróðurhúsalofttegundir	Einingar	2023	2024
Umfang 1	tCO í	670,1	713,3
Umfang 2 (landsnetið)	tCO í	3.214,2	2.806,6
Umfang 1 og 2	tCO í	3.884,3	3.519,9
Umfang 3	tCO í	394,0	387,5
Losun gróðurhúsalofttegunda (Umfang 1, 2 (landsnetið) og 3)	tCO í	4.278,3	3.907,4
Nasdaq: E1/UNGC: P7/GRI: 305-1,305-2,305-3/SASB: General Issue / GHG Emissions/TCFD: Metrics & Targets			
Umfang 1 - Samsetning losunar	Einingar	2023	2024
Heildarlosun	tCO í	670,1	713,3
Eldsneytisnotkun	tCO í	670,1	699,4
Umfang 2 - Samsetning losunar	Einingar	2023	2024
Heildarlosun	tCO í	3.214,2	2.806,6
Rafmagn	tCO í	363,5	326,5
Hitaveita	tCO í	2.850,7	2.480,1

Umfang 3 - Samsetning losunar	Einingar	2023	2024
Heildarlosun	tCO í	394,0	387,1
Flutningur, förgun og meðhöndlun á úrgangi	tCO í	394,0	387,1

Umhverfisþættir

Orkunotkun	Einingar	2023	2024
Heildarorkunotkun	kWst	362.747.540,0	375.014.997,2
Jarðefnaeldsneyti	kWst	2.709.327,1	2.868.649,2
Lífeldsneyti	kWst	2.680.323,5	2.475.123,7
Rafeldsneyti	kWst	113,2	401,2
Rafmagn	kWst	35.292.118,3	38.236.079,2
Hitaveita	kWst	322.065.657,8	331.434.743,9
Bein orkunotkun	kWst	5.389.763,9	5.344.174,1
Óbein orkunotkun	kWst	357.357.776,2	369.670.823,1
Nasdaq: E3 UNGC: P7, P8 GRI: 302-1, 302-2 SDG: 12 SASB: General Issue / Energy Management			

Orkusamsetning	Einingar	2023	2024
Heildarorkunotkun	kWst	362.747.540,0	375.014.997,2
Jarðefnaeldsneyti	%	0,7	0,8
Endurnýjanlegir orkugjafar	%	99,3	99,2
Kjarnorka	%	0,0	0,0
Óþekkt	%	0,0	0,0
Nasdaq: E5 GRI: 302-1 SDG: 7 SASB: General Issue / Energy Management			

Eldsneytisnotkun	Einingar	2023	2024
Heildareldsneytisnotkun	kg	402.848,8	422.644,2
Bensín	kg	91.272,5	89.360,0
Diselolía	kg	134.326,8	151.426,8
Metan	kg	177.246,6	181.847,3

Vatnsnotkun	Einingar	2023	2024
Heildarvatnsnotkun	m ³	8.639.336,4	9.409.126,0
Kalt vatn	m ³	3.086.480,2	3.694.733,9
Heitt vatn	m ³	5.552.856,2	5.714.392,1
Nasdaq: E6 GRI: 303-5 SDG: 6 SASB: General Issue / Water & Wastewater			

Meðhöndlun úrgangs	Einingar	2023	2024
Heildarmagn úrgangs	kg	3.007.695,0	2.891.889,0
Flokkaður úrgangur	kg	1.401.373,0	1.437.798,0
Óflokkaður úrgangur	kg	1.606.322,0	1.454.091,0
Endurheimtur úrgangur	kg	2.258.815,0	2.251.171,0
Úrgangi fargað	kg	748.880,0	640.718,0
Flokkunarhlutfall úrgangs	%	46,6	49,7
Hlutfall endurheimts úrgangs	%	75,1	77,8

Heildarlosun dregst saman um 371 tonn CO₂ ígilda frá síðustu framlögn græns bókhalds. Aukning er vegna jarðefnaeldsneytis, en losun vegna hitaveitu, rafmagns og úrgangs dregst saman. Heildarmagn úrgangs minnkar, flokkaður úrgangur eykst lítillega og óflokkaður úrgangur minnkar. Flokkunarhlutfall og hlutfall endurheimts úrgangs hækkar.

Heildstætt yfirlit yfir markmið og framgang er að finna á www.reykjavik.is/loftslagsmal undir Loftslagstölfræði - Grænt bókhald.

Nasdaq: ESG Reporting Guide

GRI: Global Reporting Initiative

SDG: Sustainable Development Goals

SASB: Sustainability Accounting Standards Board

Græn skref Reykjavíkurborgar

Græn skref í starfsemi Reykjavíkurborgar snýst um að efla vistvænan rekstur í starfsemi borgarinnar og skapa fordæmi í því að minnka umhverfisáhrif sveitarfélagsins með kerfisbundnum hætti. Samkvæmt loftslagsáætlun Reykjavíkurborgar eiga allir starfsstaðir Reykjavíkurborgar að vera þátttakendur í Grænum skrefum.

Um áramótin 2024/2025 voru 292 starfsstaðir Reykjavíkurborgar skráðir í verkefnið Grænu skrefin. Á síðasta ári luku 23 vinnustaðir einhverju skrefi (1 kláruðu skref 1, 3 kláruðu skref 2, 2 kláruðu skref 3 og 17 kláruðu skref 4). Í lok 2024 voru samtals 124 starfsstaðir virkir í Grænu skrefunum (búnir að ljúka einhverju skrefi) frá því að verkefnið hófst, þ.e.:

- 40 starfsstaðir alls skráðir með skref 1
- 32 starfsstaðir alls skráðir með skref 2
- 9 starfsstaðir alls skráðir með skref 3
- 43 starfsstaðir alls skráðir með skref 4

Markmiðið var að allir skráðir starfsstaðir næðu að ljúka að minnsta kosti fyrsta skrefi. Um það bil 43% höfðu náð þessu markmiði. Hægt er að nálgast nánari upplýsingar um Græn skref Reykjavíkurborgar [hér](#).

BORG FYRIR FÓLK

[Borg fyrir fólk](#) felur í sér framtíðarsýn Græna plansins í samfélagsmálum. Það felur í sér að „Reykvískt samfélag er byggt á réttlæti, sanngirni og þátttöku barna og fullorðinna. Borgarbúar lifa við öryggi og geta haft jákvæð áhrif á eigin líf og annarra. Með því að hlusta, miðla, rýna og þróa er stuðlað að inngildingu þar sem engin er skilin eftir. Reykjavík okkar allra.“

Markmið í samfélagsmálum eru:

Fyrir okkur öll

Góð líðan íbúa og að við upplifum að Reykjavík sé fyrir okkur öll

Látum draumana rætast

Börn og unglingar láti draumana sýna rætast

Menning og listir verða samofin borgarlínu

Öll hafi jöfn tækifæri til að taka þátt í njóta menningar og listar

Íþróttir fyrir öll

Flest stundi reglulega íþróttir eða aðra hreyfingu

Bætt Lýðheilsa

Heilsueflandi, sjálfbært og fjölskrúðugt borgarsamfélag

Mannréttindi, aukin þátttaka og bætt samtal við íbúa

Heilsueflandi, sjálfbært og fjölskrúðugt borgarsamfélag

Velferðarstefna

Markmið Reykjavíkurborgar er að veita velferðarþjónustu sem stuðlar að góðri líðan íbúa og við upplifum að Reykjavík sé fyrir okkur öll. Velferðarstefna Reykjavíkurborgar er rammi utan um metnaðarfulla velferðarþjónustu sem hefur það að markmiði að auka lífsgæði og stuðla að því að allir Reykvíkingar eigi kost á að lifa með reisn.

Menntastefna og frístundastefna

Markmið Reykjavíkurborgar er að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

Menntastefna Reykjavíkurborgar hvetur okkur til að þróa skóla- og frístundastarf í skapandi lærdómssamfélag sem mætir þörfum 21. aldarinnar. Um leið er henni ætlað að mæta þeim áskorunum er felast í stöðugum umhverfis, samfélags- og tæknibreytingum.

Leiðarljós stefnu frístundaþjónustu er að bjóða upp á fjölbreytta og heilsueflandi frístundaþjónustu sem hvetur til virkrar þátttöku, sköpunar og betra samfélags.

Menningarstefna

Markmið Reykjavíkurborgar er að allir borgarþátttakendur hafi jöfn tækifæri til þess að taka þátt í og njóta menningar og lista.

Stefnur á sviði íþróttta- og tómstundamála

Markmið Reykjavíkurborgar á sviði íþróttamála er að flestir Reykvíkingar stundi reglulega íþróttir, líkamsrækt eða aðra hreyfingu.

Lýðheilsustefna

Markmið Reykjavíkurborgar á sviði lýðheilsu er að skapa heilsueflandi, sjálfbært og fjöl-skrúðugt borgarsamfélag sem stuðlar að öryggi, jöfnuði, virkri þátttöku og vellíðan allra í heilsuborginni Reykjavík.

Mannréttinda- og lýðræðisstefna

Markmið Reykjavíkurborgar í mannréttinda- og lýðræðismálum er inngilding og að íbúar hafi tækifæri til þess að vinna með borginni að bættum lífsgæðum í umhverfi sínu.

Þegar unnið er að samþykktri stefnumörkun hjá Reykjavíkurborg og veigamiklar ákvarðarnir eru teknar m.a. um úthlutun fjármagns hjá borginni er mannréttindastefna Reykjavíkurborgar höfð til hliðsjónar.

Starfsmanna- og jafnréttismál

Mannauðsstefna Reykjavíkurborgar

Unnið hefur verið markvisst eftir leiðarljósum og áherslum mannauðsstefnu Reykjavíkurborgar frá því að hún var samþykkt árið 2018. Árlega er farið yfir markmið og aðgerðir sem falla undir áherslur. Á síðasta ári var unnið að 7 markmiðum sem náðust flest að hluta til eða öllu leyti. Má nefna sem dæmi að tryggt var að 50% starfsstaða með starfsfólk af erlendum uppruna bauð upp á íslenskukennslu á starfsstaðnum eða í nágrenni eða aðgang að Bara tala appinu. Unnið var að því að öll svið Reykjavíkurborgar kæmu upp starfslýsingabanka í skjalakerfi borgarinnar, Hlöðunni, til að tryggja vistun starfslýsinga fyrir störf. Komið var á fót stuðnings- og ráðgjafateymi sem er aðgengilegt öllu starfsfólki.

Jafnlaunastefna Reykjavíkurborgar

Jafnlaunastefna Reykjavíkurborgar gildir fram til ársins 2030. Í henni er að finna bæði við-varandi aðgerðir eins og að innleiða jafnlaunakerfi og framkvæma árlegar launagreiningar sem og tímabundnar aðgerðir sem unnið er markvisst að á mannauðs- og starfsumhverfis-sviði.

Nýjasta launagreining Félagsvísindastofunnar á launagögnum frá október 2023 sýnir að leið-réttur kynbundinn launamunur var 0,1% og telst það innan skekkjumarka. Dregið hefur úr launamun frá síðustu greiningu og ljóst er að þær aðgerðir sem farið hefur verið í eru að skila árangri.

Mannauður

Hér að neðan má sjá lykiltölur mannauðs skipt eftir sviðum. Tölur sem birtar eru snúa að fjölda stöðugilda, fjölda yfirvinnustunda, fjölda vinnustunda með vaktaálagi og ekinna kílómetra.

Við útreikning stöðugilda er miðað við greidd stöðugildi í útborgun á tímabilinu 1. janúar til 31. desember árin 2023 og 2024. Undanskilin eru stöðugildi starfsmanna í fæðingarorlofi þar sem ekki fellur til kostnaður vegna þeirra.

A-hluti

	2023			2024			
Lykiltölur um mannauð - A-hluti	KK	KVK	Samtals	KK	KVK	Samtals	Br. frá f. ári
Fjöldi stöðugilda á ári, meðaltal	2.316	6.259	8.575	2.367	6.239	8.606	➡ 0,4%
Fjöldi yfirvinnustunda á ári	313.169	463.885	777.054	329.087	457.980	787.067	➡ 1,3%
Fjöldi vinnust. með vaktaálagi á ári	751.352	1.054.408	1.805.760	769.972	1.063.474	1.833.446	➡ 1,5%
Eknir kílómetrar á ári (samn. og dagb.)	298.804	929.951	1.228.755	331.337	909.600	1.240.938	➡ 1,0%
Fjöldi samöngusamninga í árslok	1.011	3.124	4.134	674	2.263	2.936	⬇ -29,0%

Sundurliðun einstök svið

	2023			2024			
Fjármála- og áhættustýringarsvið	KK	KVK	Samtals	KK	KVK	Samtals	Br. frá f. ári
Fjöldi stöðugilda á ári, meðaltal	29	74	103	22	48	70	⬇ -32,0%
Fjöldi yfirvinnustunda á ári	0	0	0	25	0	25	n/a
Fjöldi vinnust. með vaktaálagi á ári	0	80	80	0	0	0	⬇ -100,0%
Eknir kílómetrar á ári (samn. og dagb.)	1.580	327	1.907	910	564	1.474	⬇ -22,7%
Fjöldi samgöngustyrkja í árslok	9	11	20	6	7	13	⬇ -35,0%

	2023			2024			
Menningar- og íþróttasvið	KK	KVK	Samtals	KK	KVK	Samtals	Br. frá f. ári
Fjöldi stöðugilda á ári, meðaltal	202	255	456	207	250	458	➡ 0,4%
Fjöldi yfirvinnustunda á ári	58.212	55.269	113.481	63.262	60.531	123.792	➡ 9,1%
Fjöldi vinnust. með vaktaálagi á ári	81.856	75.201	157.057	79.724	77.254	156.979	➡ 0,0%
Eknir kílómetrar á ári (samn. og dagb.)	37.065	18.530	55.595	71.589	23.385	94.974	⬆ 70,8%
Fjöldi samöngusamninga í árslok	63	104	167	47	71	118	⬇ -29,3%

	2023			2024			
Mannauðs- og starfsumhverfissvið	KK	KVK	Samtals	KK	KVK	Samtals	Br. frá f. ári
Fjöldi stöðugilda á ári, meðaltal	4	15	19	10	42	52	⬆ 173,7%
Eknir kílómetrar á ári (samn. og dagb.)	216	1.187	1.403	383	1.283	1.666	⬆ 18,7%
Fjöldi samgöngustyrkja í árslok	2	4	6	7	9	16	⬆ 166,7%

	2023			2024			
Skóla- og frístundasvið	KK	KVK	Samtals	KK	KVK	Samtals	Br. frá f. ári
Fjöldi stöðugilda á ári, meðaltal	944	3.920	4.865	971	3.892	4.864	➡ 0,0%
Fjöldi yfirvinnustunda á ári	86.209	217.986	304.195	83.106	209.494	292.600	➡ -3,8%
Fjöldi vinnust. með vaktaálagi á ári	39.415	69.963	109.378	39.772	70.259	110.031	➡ 0,6%
Eknir kílómetrar á ári (samn. og dagb.)	71.741	229.022	300.764	63.009	197.904	260.914	⬇ -13,2%
Fjöldi samöngusamninga í árslok	576	2.451	3.027	363	1.768	2.130	⬇ -29,6%

	2023			2024			
Velferðarsvið	KK	KVK	Samtals	KK	KVK	Samtals	Br. frá f. ári
Fjöldi stöðugilda á ári, meðaltal	714	1.691	2.404	729	1.698	2.427	➡ 1,0%
Fjöldi yfirvinnustunda á ári	86.422	178.057	264.479	91.323	175.088	266.411	➡ 0,7%
Fjöldi vinnust. með vaktálagi á ári	589.723	906.990	1.496.713	604.395	913.902	1.518.297	➡ 1,4%
Eknir kílómetrar á ári (samn. og dagb.)	147.128	672.224	819.352	162.282	673.796	836.078	➡ 2,0%
Fjöldi samöngusamninga í árslok	232	450	681	144	319	463	⬇ -32,0%

	2023			2024			
Miðlæg stjórnsýsla	KK	KVK	Samtals	KK	KVK	Samtals	Br. frá f. ári
Fjöldi stöðugilda á ári, meðaltal	23	57	80	22	57	78	⬇ -2,5%
Fjöldi yfirvinnustunda á ári	1.200	28	1.228	2.150	628	2.778	⬆ 126,2%
Fjöldi vinnust. með vaktálagi á ári	2.323	612	2.935	1.638	508	2.145	⬇ -26,9%
Eknir kílómetrar á ári (samn. og dagb.)	2.017	2.093	4.110	4.840	6.362	11.202	⬆ 172,6%
Fjöldi samöngusamninga í árslok	7	21	28	7	15	22	⬇ -21,4%

	2023			2024			
Þjónustu- og nýsköpunarsvið	KK	KVK	Samtals	KK	KVK	Samtals	Br. frá f. ári
Fjöldi stöðugilda á ári, meðaltal	84	100	184	79	101	180	⬇ -2,2%
Fjöldi yfirvinnustunda á ári	2.555	60	2.615	2.716	0	2.716	➡ 3,9%
Fjöldi vinnust. með vaktálagi á ári	11.342	0	11.342	12.410	0	12.410	➡ 9,4%
Eknir kílómetrar á ári (samn. og dagb.)	3.776	907	4.683	2.808	538	3.346	⬇ -28,6%
Fjöldi samgöngustyrkja í árslok	46	42	88	27	34	61	⬇ -30,7%

	2023			2024			
Umhverfis- og skipulagssvið	KK	KVK	Samtals	KK	KVK	Samtals	Br. frá f. ári
Fjöldi stöðugilda á ári, meðaltal	317	147	464	327	151	477	➡ 2,8%
Fjöldi yfirvinnustunda á ári	78.571	12.485	91.057	86.506	12.239	98.745	➡ 8,4%
Fjöldi vinnust. með vaktálagi á ári	26.694	1.562	28.256	32.033	1.551	33.583	➡ 18,9%
Eknir kílómetrar á ári (samn. og dagb.)	35.280	5.661	40.941	25.516	5.768	31.284	⬇ -23,6%
Fjöldi samöngusamninga í árslok	76	41	117	73	40	113	⬇ -3,4%

Rannsóknar- og þróunarstarfsemi

Stafræn þróun borgarinnar og verkefni því tengd ásamt þróun á þjónustu hennar gegna lykilhlutverki í framþróun í rekstri Reykjavíkur. Stafræn umbreyting og sú endurskilgreining og ítrun verk- og þjónustuferla er hún leiðir af sér gegnir mjög stóru hlutverki í að ná fram hagkvæmni í rekstri og gerir borginni kleift að sinna þjónustu við sístækkandi íbúafjölda á skilvirkari hátt en ella. Þróun í upplýsingatæknirekstri leikur einnig stórt hlutverk í grænum rekstri borgarinnar og því markmiði Reykjavíkur að verða kolefnishlutlaus 2030. Þá er þróunarvinnan undirstaða öryggis í meðhöndlun gagna og upplýsinga sem og hagnýtingu upplýsingatækni á öllum starfsstöðum Reykjavíkur.

Annað

Upplýsingar um dómsmál sem beinast að Reykjavíkurborg er að finna í skýringum með ársreikningi Reykjavíkurborgar.

Engin veruleg frávik hafa verið greind af hálfu opinberra eftirlitsaðila eða endurskoðenda hvað varðar starfsemi sveitarfélagsins, sem tengist umhverfis-, félags- og starfsmannamálum, mannréttindamálum eða spillingar- og mútumálum.